



# Lokaritgerð til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku

## Að fara sér hægt í fjölmiðlaheimi

Hæggeng blaðamennska

Katrín Mixa

Júní 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
STJÓRN MÁLAFRÆÐI EILD

**Að fara sér hægt í fjölmiðlaheimi**  
***Hæggeng blaðamennska***

Katrín Mixa

Lokaritgerð til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku  
Leiðbeinandi: Valgerður Anna Jóhannsdóttir

Stjórn málafræðideild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2018

Að fara sér hægt í fjölmiðlaheimi.

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku.  
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Katrín Mixa, 2018  
kt. 060180-3269

Reykjavík, Ísland, 2018

## Útdráttur

Fyrirbærið hæggeng blaðamennska (*e. slow journalism*) hefur á umliðnum árum gert sig gildandi í fjölmiðlaheimi. Hugtakið er afar ungt, var fyrst orðað opinberlega árið 2007 og þá sett í samhengi við aðrar hreyfingar sem hampa hægðinni í lífi og starfi, svo sem hægeldaða matargerð (*e. slow food*). Hæggengri blaðamennsku er þannig teft fram til mótvægis við tafarleysið í fréttáflutningi og þeirri yfirborðsmennsku sem mörgum finnst fylgja fjölmiðum nútímans.

Blaðamennska hefur staðið styrkari fótum í Finnlandi en mörgum öðrum löndum og rík hefð er þar fyrir prentmiðlum með morgunkaffinu. Landið hefur eftir sem áður fundið fyrir því að rekstur fréttablaða reynist erfiðari ár frá ári, hvort heldur á prenti eða netinu og margir ásáttir um að gæðum hafi hrakað. Hæggeng blaðamennska er hins vegar nokkuð á borðum finnskra fjölmiðla. Að auki stofnuðu nokkrir finnskir blaðamenn sérstætt fréttablað fyrir nokkrum árum, sem einvörðungu gefur út efni í anda umræddrar stefnu.

Í þessari ritsmíð er hæggeng blaðamennska kynnt til sögunnar í nokkuð breiðu samhengi við sögu og samtímann. Sérstakri athygli er beint að fjölmiðlum í Finnlandi sem bjóða upp á efni í anda hæggengrar blaðamennsku. Rannsóknarhlutinn lýtur að gengi stefnunnar í finnskum fjölmiðlum og leitast er við að máta þann veruleika við litla Ísland. Til þess var tilviksrannsókn gerð, um hæggenga blaðamennsku í Finnlandi. Tekin voru eigindleg viðtöl við fimm starfandi blaðamenn þar úti. Allir hafa þeir reynslu af því að vinna í anda hæggengi, sumir einnig með reynslu af því að stýra fjölmiðli sem býður upp á afurðir hæggengrar blaðamennsku, í mismiklum mæli þó.

Niðurstöður eru blendnar. Þeir sem þar úti starfa við hæggenga blaðamennsku í dag finna til sín, upplifa góðar viðtökur og eru ekki uggandi um eigin hag. Hins vegar eru væringar í lofti og vísbendingar um að sífelld erfiðara reynist að halda stefnunni á lofti í þeim ríka mæli sem metnaðarfullir blaðamenn myndu helst vilja sjá.

## Abstract

The phenomenon *slow journalism* has made impact on the journalistic world in recent years. The concept is quite young, was first publically phrased in 2007, then in direct context with other slow movements, such as slow food, that praise the quality based and produced in favour of time instead of the fast and easy, in several fields of life. Slow journalism is thus the counteraction against the fast lane, now especially linked with the digital world, and against superficiality which is nowadays considered a notorious symptom of modern media.

Journalism in Finland stands traditionally stronger than many other countries can boast of. There is a strong linking with the reading of news while having relaxed breakfast. Nevertheless, the country is far from intact by the declining of media market and that running newspapers becomes tougher every year, print or online. People commonly also agree that quality has declined just as elsewhere. However, slow journalism still takes some space there and ambition towards the field is nothing close to failing. Additionally, a group of idealistic journalists launched a new media that more or less only concentrates on publishing products written in the spirit of slow journalism.

This essay seeks to introduce the concept of slow journalism to the Icelandic society, with wide historical perspective as well as putting contemporary situation in context. A case study is performed, where Finland and the practice of slow journalism in Finnish media is going to be the paradigm case. Results are being revealed through qualitative interviews with five active journalists in Finland, some of whom also have experience in running the media business. The conclusion drawn will be tried on as adaptation to the reality of the very small community of Iceland.

The conclusion is mixed. Slow oriented journalists up to date are proud and find themselves do a welcoming job. Generally speaking they are not anxious for themselves or their profession, but something is in the air. Keeping up the standard of quality in-depth journalism seems to be an increasingly tougher business there too.

## Formáli

Ritsmíð þessi er fræðilegur hluti lokaverkefnis til meistaranáms í blaða- og fréttamennsku við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, vorið 2018. Heildarvægi lokaverkefnis er 30 ECTS–einingar sem skiptast jafnt milli fræðilegs hluta og verklegs, 15 einingar hvor. Leiðbeinandi fræðilega hlutans var Valgerður Anna Jóhannsdóttir aðjunkt við Háskóla Íslands. Verklegi hlutinn fól í sér veglega frétttaafurð, unna í anda hæggengisstefnunnar sem til umfjöllunar var í ritgerð. Leiðbeinandi verklega hlutans var Erla Hlynsdóttir kjarnakona í heimi blaðamennsku. Fá þær báðar alúðarþakkir fyrir góð ráð, dýrmæta hvatningu og ekki síst þolinmæði þegar hægi takturinn keyrði um þverbak og hætti að vera göfgandi.

# Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>3</b>
<b>Abstract</b> .....	<b>4</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>5</b>
<b>1 Inngangsorð</b> .....	<b>8</b>
1.1 Finnska ævintýrið .....	8
1.2 Að fara sér hægt í fjölmiðlaheimi .....	9
1.3 Vangaveltur um hæggingi .....	10
1.4 Athugunin .....	11
<b>2 Kenningar og fræði</b> .....	<b>12</b>
2.1 Erfiður veruleiki.....	12
2.2 Krísa blaðamenskunnar, krísa fjölmiðla.....	13
2.3 Með hliðsjón af hraða og flæði.....	16
2.4 Hröðu blöðin .....	18
2.5 Í ljósi sögunnar – upptaktur hraðaplágunnar .....	18
2.5.1 Kenningar .....	18
2.5.2 Viðsnúin hugsun .....	20
2.5.3 Hraðaplágan í samhengi .....	21
<b>3 Hægging blaðamenska kemur til sögunnar</b> .....	<b>23</b>
3.1 Upphaf hæggingisstefnunnar .....	24
3.2 Af sérstöðu hæggingrar blaðamensku.....	27
3.3 Nokkur hæggingisblöð .....	28
3.3.1 Delayed Gratification – Bretlandi .....	29
3.3.2 Zetland – Danmörku.....	29
3.3.3 De Correspondent – Hollandi .....	29
3.3.4 Jot Down – Spáni .....	30
<b>4 Finnland</b> .....	<b>31</b>
4.1 Físland .....	31
4.2 Long Play og „hinir fjölmiðlarnir“ .....	32
<b>5 Af öðrum öngum hæggingi</b> .....	<b>33</b>
5.1 TED samkoma .....	33
5.2 Sochi verkefnið.....	34
<b>6 Tilvikið hægging blaðamenska í Finnlandi</b> .....	<b>36</b>
6.1 Eigindleg rannsóknaraðferð .....	36

6.2 Val á viðmælendum .....	38
6.3 Tilviksrannsókn, framkvæmd .....	40
6.3.1 Forsendur framkvæmdar .....	40
6.3.2 Spánn undir sömu smásjá .....	41
6.4 Kostir, takmarkanir og fyrirvarar .....	42
6.5 Úrvinnsla .....	44
<b>7 Niðurstöður .....</b>	<b>46</b>
7.1 Ásýnd Long Play .....	46
7.2 Samspil við aðra miðla .....	47
7.3 Framtíð hæggengrar blaðamennsku í Finnlandi .....	47
<b>8 Að endingu .....</b>	<b>49</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>51</b>



## 1 Inngangsorð

„Fyrir áhrif frá Snorra Sturlusyni taldi ég að Finnar væru fjölkunnugir: þeir höfðu uppi seið og fjölkyngi og af þeim námu menn **kunnustu**“ (Matthías Johannessen, 1985). Feitletrun er greinarhöfundar, þaulreynds blaðamanns og þáverandi ritstjóra Morgunblaðsins. Í greininni reifar hann sína reynslu af Finnum og myndast við að tengjast þeim menningarlegum styrktarböndum, ýmist með nærtækum dæmum eða langsóttum leiðum. Tilefnið varðar Kalevala, finnska ljóðabálkinn fræga. Í greininni minnst Matthías þess hve stoltur hann var af að deila stétt með þýðanda þess yfir á íslensku, Karli Ísfeld. Sá var blaðamaður og ritstjóri nokkurra alþýðublaða.

Hér á eftir verður í aðra rönd leitast við að nema af sömu þjóð kunnustu. Efniviðurinn stendur þó stétt blaðamanna öllu nær.

### 1.1 Finnska ævintýrið

Skyndiákvörðun um að fara í skiptináms og velja Finnland var stóra gæfusporið á meistaraferli mínum í blaða- og fréttamennsku. Var á þessum tíma leitandi að eigin takti og rödd inn í heim blaðamennsku og upplýsingamiðlunar, fann ekki erindið í umhverfið sem blaðamönnum var búið hér á landi. Við örstutta skimun yfir valkostina fann ég það strax, Finnland yrði það allrahelst að vera, Norðurlandið „á jaðrinum“, myrka landið sem svo oft bar á góma í samfélagsumræðunni sem fyrirmynd í menntamálum og tileinkun nýjunga. Landið sem skoraði iðulega hve næst Evrópulanda í menntakönnunum, úrræðagóða þjóðin á jaðri austurs og vesturs, sem oft í hversdagshjalinu var sagt hafa lundernið sem hve best félli að því íslenska. Eitthvað örlítið fékk Kalevala líka stað í hugskotinu. Í öllu falli hljómaði fáránlega rétt að velja Finnland, hvort heldur á forsendum tilfinninga eða akademíu og háskólalýsingarnar studdu það vel.

Að vera leitandi og finna ekki svo vel taktinn bráði ekki af í Finnlandi. Alls konar hugsanir og hugmyndir herjuðu á hausinn og ýmis stílbrögð voru reynd. Við kynni af finnsku blaðafólki og af elsta fréttablaði þeirra Aamulehti raungerðist orðrómurinn um versnandi gengi fréttamiðla og dalandi gæði, sem aftur leiddi til þverrandi áhuga á þeim. Hvað var til ráða? Hvað þyrfti til að hrífa lesendur til baka? Gætu frásagnarhættir og bókmenntastílbrögð haft sín áhrif? Fyrstu persónu blaðamennska? Eru ekki svoleiðis stílbrögð til þess fallin að höfða til tilfinninga og skynhrifa lesenda? En samt, blaðamennska er blaðamennska, sönn miðlun stendur undir sér með staðreyndum og

sannsögli. Hún á líka að vera mikilvæg og metnaðarfull, ekki bara sniðug og hrífandi. En helst átti hún líka að vera hrífandi, alla vega í skilninginum *lifandi*. Svo kom það: Hæggeng blaðamennska (e. *slow journalism*) var stefna í geiranum sem var að vaxa fiskur um hrygg.

## 1.2 Að fara sér hægt í fjölmiðlaheimi

„*Hæggeng blaðamennska snýr á skyndiðnaðinn*“ (Aitamurtu, 2010). Svo mælti þekkt blaðakona Helsingin Sanomat árið 2010 og svona kynnti hún hæggenga blaðamennsku til sögunnar þar á bæ. Í Bandaríkjunum væri allt að gerast. Síðan hefur ýmislegt gerst í Finnlandi sömuleiðis. Stærri blöðin hafa verið að bjóða upp á sérefni eða dálka unna í nafni hæggengrar blaðamennsku og þegar ég kynntist stefnunni hafði þá þegar hópur útsjónarsamra blaðamanna stofnað sérstakt áskriftarblað á netinu í nafni hennar, *Long Play*. Er það gefið út mánaðarlega og inniheldur eina sögu í hvert sinn, unna eftir aðferðum og boðum hæggengrar blaðamennsku. Aamulehti, Morgunblaðið þeirra, dreifir reglulega útprentuðum sérblöðum með hæggengisefni, Suomen Kuvalehti er þó enn öflugra og sjálft Helsingin Sanomat, þeirra stærsta og rótgrónasta dagblað, er ekki ósnortið af hreyfingunni með sínum sérdálkum og stundum sérprentun á efni í þessum eðla anda. Long Play var stofnað árið 2013 og vann hin eftirsóttustu nýsköpunarverðlaun Finna á sviði fjölmiðla, Uutisraivaaja media það sama ár.

Jafnvel þótt inntak hæggengrar blaðamennsku sé ekki klippt og skorið og hún skarist gjarnan við aðrar stefnur lét hugtakið strax afar vel í eyru. Eitthvað viturt og fagurt bar það með sér, viðbrögðin þegar það bar á góma lofuðu sömuleiðis góðu. Var hreinlega sem þetta nútímalega fyrirbæri boðaði bjartari tíma í blaðamenskunni, bæði hvað varðar orðspor hennar, eftirspurn og rekstrarafkomu.

Hæggeng blaðamennska hefur nú þegar skapað sér sess í nokkrum nálægum löndum. Danir segjast hafa verið fyrstir Evrópulanda til með svokallað „e-singles“, lesefni sem er lengra en venjulegar blaðagreinar en styttra en bækur er þeir stofnuðu *Zetland* árið 2012 við góðan orðstír (<http://www.zetland.dk>, e.d.). Í Hollandi var *De Correspondent* afburðavel fagnað árið 2013 (sama stofnár og í Finnlandi), Frakklandi virðist vegna vel með tímaritinu *XXI*, stofnað árið 2008, *Jot Down* á Spáni virðist í sérlega miklum blóma og sitthvað fleira má ugglaut tína til. Þessir miðlar skrifa þó eingöngu eða svo gott sem eingöngu á sínum þjóðtungum, dönsku, hollensku frönsku, spænsku. Stóri risinn á markaðnum er hins vegar *Delayed Gratification* í London og á heimasíðu þeirra má sækja

ýmsan vísdom um hæggenga blaðamennsku, á engilsaxneskunni. Öll eru þau verð athygli. Trú tilfinningunni um að af valkostunum fari Íslendingi hve best að máta sig við Finnland, þar sem málsvæðið er afmarkað og smátt og landið aðeins á jaðri meginstraums Evrópu verður Finnland áfram í forgrunni.

### 1.3 Vangaveltur um hæggengi

Á Íslandi hefur ekkert verið skrifað um hæggenga blaðamennsku og því síður akademískt, hvað best er vitað. Hæggengisstefna sem slík hefur aldrei verið sérstaklega á borðum íslenskra fjölmiðla og enginn beitt henni meðvitað eða yfirlýst í sínum skrifum, án þess að hér sé fullyrt að þess háttar afurð hafi aldrei komið út. Ýmsu má velta upp í þessum efnum.

Árið 2010 út bókinn *Fólk og fréttir* eftir Sigurð Boga Sævarsson. Í viðtalsformi, frásagnarstíl og með sterku myndmáli leitast hann við að gera skil verkum nokkurra fréttamanna eða ljósmyndara sem á einn eða annan hátt skóku viðtekna sýn almennings, sýndu í það minnsta einhverja nýja kima á ákveðnum málum, nýjar hliðar á fólki, fönguðu sögu þrúngin augnablik og þar frameftir götum. Einn kaflinn er samtali við Gerði Kristnýju vegna þess hvernig hún tók að fjalla um kynferðisofbeldi, vel áður en samfélagið hafði meðtekið vandamálið í sama mæli og nú. Í forgrunni kaflans er bók hennar *Myndin af pabba*, saga Thelmu Ásdísardóttur og systra hennar. Vera kann að þar sé Sigurður Bogi óafvitandi að hampa hæggengri blaðamennsku, að *Myndin af pabba* sé hrein og slétt hæggeng blaðamennska. Gerður Kristný hóf verkið haustið 2003 með viðtölum við Thelmu. Eftir drjúga vinnu við að afla bakgrunnsupplýsinga um systurnar, umhverfið og um réttarkerfið, með stílgáfu skáldsins en nákvæmni rannsóknarblaðamannsins, kom bókinn út síðla árs 2005. Þá ritar Sigurður Bogi:

Ekkert sem skrifað er vekur athygli nema fjallað sé um efni sem á erindi við samtímann og snertir fólk. Í því sambandi er stundum sagt að skáld og rithöfundar þurfi öðrum þræði að vera blaðamenn, það er sögumenn samtíðar sinnar. Með sama hætti þurfa þeir að hafa taug skáldsins og geta lýst hlutunum með þeim orðum að áhrif hafi (Sigurður Bogi Sævarsson, 2010, bls. 29)

Skilningur minn á hæggengri blaðamennsku var allt frá upphafi sá að hvort tveggja ofangreindra þyrfti til, taug skáldsins og sögumennsku samtíðarinnar. Ekki að það sé einhlít eða afmarkandi sýn. Skilgreiningin á hæggengri blaðamennsku er hreint ekki einhlít, hvað grundvallar góða hægeldaða frétttaafurð getur einfaldlega oltið á gæðamati lesandans og aðferðir hæggengi útiloka ekki aðrar stefnur, strauma eða stílbrögð

fjölmiðlaheimsins. Í þokkabót er hugtakið kornungt. Upphaf þess er rakið til blaðagreinar í breska fréttatímaritinu *Prospect* árið 2007, er Susan Greenberg gaf „*vandaðri frásagnarblaðamennsku*“ (e. *serious non-fiction journalism*) þetta nýstárlega nafn. Að því verður vikið síðar.

Hæggenginu verður því gerð fræðileg skil, vítt sem þröngskorðað við blaðamennsku. Hugmyndin um hægð og hæggengi einskorðast fráleitt við blaðamennsku, þvert á móti hefur kringum hugtakið sprottið heil hreyfing sem beinlínis kennir sig við hæga taktinn á hinum ýmsu sviðum lífsins. Hugsjóninni er þarft að greina frá og tefla fram andspænis nútímaeinkennum lífs sem og fjölmiðlaheimsins, sem margir kenna við krísu.

Þá verður skilgreiningarvandi hæggengrar blaðamennsku reifaður og leitast við að grípa á lofti grundvallarviðmiðanir hennar og skaranir, ekki síst með hliðsjón af því aktívíska umhverfi sem hæggengishreyfingarnar hafa sprottið úr. Fjallað verður og í stuttu máli um fáeina fréttamiðla í öðrum vestrænum löndum sem ástunda hæggenga blaðamennsku, einkum blöð sem einvörðungu sérhæfa sig í þeim stíl.

Í kjölfar þessa verður Finnland sett í samhengið. Hæggeng blaðamennska eins og hún er iðkuð í Finnlandi, gengi hennar þar, afspurn og afkoma. Verður sérstaklega horft til Long Play, eina fjölmiðilsins þar sem sérhæfir sig í hægengri blaðamennsku, sem svo til eingöngu vinnur eftir þeim stíl. Aðrir fjölmiðlar fá þó einnig sína athugun, enda gæti verið akkur í því að athuga hvort hægt efni og hratt á sama fjölmiðli kunni að vinna vel saman.

#### **1.4 Athuginin**

Gerð er tilviksrannsókn (e. *case study*) þar sem tilvikið er Finnland. Reynt verður að varpa ljósi á hvernig til hefur tekist og hvernig gengur að ástunda hæggenga blaðamennsku þar, eða fylgja eftir hugmyndum um góða, metnaðarfulla blaðamennsku. Markmiðið er að athuga hvort lesa megi í horfurnar. Eigindleg viðtöl eru tekin við fimm reynda blaðamenn þar í landi, sem allir eru á sinn hátt í fremstu eða framarlega í víglinunni. Öll þekkja þau hæggenga blaðamennsku að raun en búa öll að reynslu af hraðanum sömuleiðis. Í hópi þessum eru stjórnendur en einnig „bara“ almennir blaðamenn. Öll eiga þau sameiginlega nokkra ástríðu fyrir góðri blaðamennsku. Reynt verður að útlista niðurstöður og draga ályktanir út frá þeim sem má vonandi að endingu heimfæra á einn eða annan hátt á Ísland, í sínu ennmeira fámenni en Finnland þarf að kljást við - og algeru nýjabrumi.

## 2 Kenningar og fræði

„Fréttir eru huganum það sem sykur er líkamanum: lystaukandi, auðmeltanlegar - og sérlega skaðlegar til lengdar“ (Dobelli, 2013, bls. 301). Á sínum 99. og síðasta kafla, þar sem Rolf Dobelli les okkur öllum pistilinn um víðtækar rökvillur og ranghugmyndir sem við á hverjum degi syndum á bólakafi í, þá lýkur hann bók sinni á kafla um „fréttavilluna“:

Ég myndi ætla að þú græðir jafnmikið á því að snúa fullkomlega baki við fréttum og á því að láta af öllum hinum 98 löstunum til samans. Láttu af vananum - algerlega. Í staðinn skaltu lesa langar greinar sem kafa í bakgrunninn sem og bækur. Já, ekkert slær bókum við til að skilja veröldina (Dobelli, 2013, bls. 303).

Slík eru hans lokaorð. Eins og stundum vill verða virðist hann tala fyrir því milli línanna að blaðamennskan hverfi til baka í hæggengi og dýpt. Sjálfur lokaði Dobelli í einu og öllu á fréttastreymið og kom frá því upplýstari en nokkru sinni fyrr, að eigin mati (Dobelli, 2013, bls. 301-302).

### 2.1 Erfiður veruleiki

Raunveruleiki blaðamanna mun vera allt annar en sú stórhuga draumórasýn að fletta ofan af stórum hneykslismálum og kynnast öllum heiminum. Fréttafólk er ofurselt skilafrestum og þröngum skorðum við skrifborðið, svo hvorki gefst tími til að hafa það sem sannast reynist né andlegt svigrúm til að fara hægt í sakirnar (Davies, 2009, bls. 2-3). Þeir sem reka fjölmiðla eru með fingurinn á því sem fyrst og fremst örvar og æsir. Gildir þá einu hvort vandaðir eða óvandaðir blaðamenn eru að verki. Þeim er einfaldlega búin rugluð skilyrði og hefur verið að minnsta kosti frá því fyrir aldamót, að mati Nick Davies.

Ekki er laust við að Davies þyki orðnotkunin „staðreynd“ sem og „hlutleysi“ vera í auknum mæli helbert skálkaskjól fjölmiðlanna gegn því að taka hlutverk sitt nægilega alvarlega. Ekki einasta eru fréttir handvaldar í því skyni að þjóna sterkum hagsmunaaöflum og forða sjálfum sér frá óþægindum. Hitt er líka, hve auðvelt er að beita fyrir sig hlutleysi og ábyrgð og jafnvel sannleikanum sjálfum til að firra sig því að birta vel unnið efni, afhjúpandi og mikilvægt og skrifa þess í stað á færiband eitt hvað auðmeltanlegt. „Staðreyndir kunna að vera heilagar – en hvaða staðreyndir? Fjölmiðlar eru ekki gleraugu hlutleysi: við ákveðum hvað við endurspeglum,“ hefur Davies eftir Evans kollega sínum (Davies, 2009, bls. 112). Þannig má segja að staðreyndaklemman sé ekki togstreita hins sanna og vandaða við hið ósanna heldur við hið ólogna og óvandaða.

Um þjagað fréttamat hafa margir skrifað, enda engin ný sannindi. Má þar nefna Andrew Currah sem fer ítarlega ofan í saumana á stórtækum breytingum á áherslum fréttu og fréttneami, að smellir stýri fjölmiðlum í veröld þar sem eftirfylgni með nethegðun er að verða sífellt svæsnari og til baka mata fjölmiðlar lesendur af meira af því sama (Currah, 2009, bls. 47-48). Það má kalla grátlegt að allt megi þetta réttlæta á því að bara sé verið að drita niður staðreyndum. Sannleikur getur raunar verið lygi, hægt er að ljúga með sannleika, til dæmis þegar brot af sögu, aukaatriði eða jafnvel hlutur sem litlu máli skiptir fyrir þýðingarmikla framvindu er tekið úr stærra samhengi og gert að aðalatriði. Í meðfórum blaðamanna er sannleikurinn líka afmörkun á efni, þar með bara hálsannleikur. Eða eins og Davies hefur eftir Tomalin kollega sínum:

Hugsunin sem í staðreynd felst er svo grunnfærnislegt að hún er lygi. Staðreyndir eru ekki helgar, um leið og fréttasápur byrjar að skrifa sögu hefur hann tekið stefnu, valið og hafnað, og þar með afbakað aðstæður. Um leið og hann kemur „staðreynd“ í form frásagnar hefur hann lagt sitt orð í belg um aðstæður (Davies, 2009, bls. 112).

## 2.2 Krísa blaðamenskunnar, krísa fjölmiðla

Ekki þarf langþreyttan blaðamann sem Davies eða rithöfund með nef fyrir metsöluefni sem Dobelli til að benda á þversagnarvanda almennilegrar blaðamennsku. Góð blaðamennska getur fullt eins verið bók og langar greinar, sem „hjálpa til við að skilja veröldina“, svo vísað sé í orð Dobelli fyrir ofan.

Sitthvað breyttist við vöxt fríblaðanna um eða uppúr aldamótunum síðustu. Þá urðu lesendur í auknum mæli viðföng auglýsingahagnaðar seljenda blaðanna (Birgir Guðmundsson, 2007). Fleira kemur til, sem snertir blaðamenn ekki síst. Almennitur lítur á fréttamiðla sem fátt annað en viðskiptamódel sem hefur meiri áhuga á innkomu og gróða en að þjóna sínum eiginlega tilgangi (Picard, 2004). Það var orðið sýnt árið 2004, hvað sem segja má í dag, á öldum þess sem við skulum kalla smellivakann.

Ljóst er því, og vert að undirstrika, að þegar talað er um krísu fjölmiðlanna er sjaldan átt við einhvern einn hlut, margt kemur til, úr fleiri en einni átt. Oft er vísað í þessar breyttu markaðsforsendur en jafnframt er horft til þess hvernig lesendur blaðanna taka þátt í að viðhalda metnaðarleysinu með því að smella á fréttir af appelsínuhúð, Britney Spears og öðru afþreyingarefni (Ragnhildur Lára Finnsdóttir, 2010). Að stóru leyti er átt við það hvernig markaðsforsendur hafi tekið stórfelldum breytingum frá því að selja

gæðafni sem fólk vildi kaupa (og máski auglýsa í) yfir í að selja auglýsendum aðgang að lesendum (Birgir Guðmundsson, 2007, bls. 275). Gefur augaleið að slíkt kallar á stóran ímyndarvanda metnaðarfullra blaðamanna. Þegar lesendur líta orðið á fréttamiðla sem hvert annað markaðsdrifna fyrirbærið en en taka eftir sem áður þátt í því skekka gangvirki, þá er nú mögulega voðinn vís.

Annað sjónarmið er svo hin hliðin á þessum peningi, val lesenda, „neytenda“. Stundum gætir tilhneigingar að horfa á annan hópinn frekar en hinn, seljendur ellegar neytendur, þegar gerð er tilraun til að reifa krísuna. Þannig fjallar Picard, sem er einn helsti sérfræðingur um fjölmiðlamarkað, um vandann út frá frekar skýrri þróun á bandarískum blaðamarkaði í átt að vaxandi arðsemiskröfu og þrýsting frá eigendum, hlutabréfamarkaði og lánadrottnum. Virðist sem ólga yfir sambandi markaðar og blaðamennsku hafi færst í sífelldan vöxt á þessari öld og umræðan einkennst jafnvel af örvæntingu yfir rekstrarafkomu (Picard, 2004).

Krísan er því að verulegu leyti gagnvirk. Þegar netið fór að taka við fréttablöðunum fóru auglýsingatekjur að grundvallast á umferð og „smellum“. Viðskiptamódelið breyttist því tiltölulega hratt frá því að selja blöðin nokkuð háu verði og skapa sér þannig vissa stéttarímynd (auk þess að reyna að ryðja öðrum blöðum úr vegi), yfir í að lokka til sín sem flest augu. Þessi nútímabragur hófst sem jaðarmennska og bar fyrst með sér blæ alþýðleika, allir hefðu nú aðgengi að sömu upplýsingum. (Picard, 2004). En lokkunin varð með tímanum nýr hvati handa markaðnum, nefnilega sá að athuga hvað lesendur vildu helst skoða og ginna til að „smella“ á lesefnið. Hér á landi varð til úr því hugtakið „smellistraumur“, kennt við Atla Stein Guðmundsson (Ragnhildur Lára Finnsdóttir, 2010, bls. 19). Breytt módelið varð að hálfgerðri plágu og fram hefur sprottið ný kynslóð neytenda, sem Björn Jörundur Friðbjörnsson kom á spjöld bögunnar, „smelludólgar“ (Slangurorðabókin, e.d.).

Þetta fór að leiða til annars. Í tímamótageininni hennar Susan Greenberg árið 2007, *Hæggeng blaðamennska*, þá leggur hún upp með hagfræðihugtakinu „endalokum miðjunnar“ hvar dag- og fréttablöðin eru „miðjan“. Ef fólk er að venjast því að fá fréttablöð sér að kostnaðarlausu, þá hefur það ekki fyrir að greiða fyrir önnur, jafnvel þótt þau séu lítið eitt vandaðri, nema efnið sé þeim mun meiri „lúxus“, fínna og betra

(Greenberg, 2007). Þar á hún við svo sem ritrýndar greinar um hugðarefnin eða valdar bækur af netinu. Frá hennar herrans ári 2007 hafa svo hlutir þróast, nema hvað, æði hratt.

Fréttablöð andspænis samfélagsmiðlum, samfélagsmiðlar að dreifa og gagnverka er mál sem tekur sífellt stærra pláss. Um þær mundir sem þetta er ritað fer mikið fyrir afhjúpunum af falsfréttum samfélagsmiðlanna annars vegar og hins vegar nýsnaúrvinnslu Facebook af nethegðun (Levin, 2017). Nýi stóri vandinn í geiranum er því hve sífellt erfiðara reynist að greina milli þess sem er satt og logið auk þess sem lesendur eru orðnir ennsvæsari viðföng markaðs- og auglýsingaafllanna, um okkur beinlínis nýsnað og auglýsingaefni haldið að okkur með hliðsjón af því sem við metum „smellið“. Í ferskri frétt af nýlegum afhjúpunum um þessa dreifingu og nýsnir bendir Paul Chadwick til að mynda á hið augljósa, en sem samt er þarft að staldra við yfir, er hvernig falskar fréttir eru búnar til í því augnmiði að valda róti, mikilli furðu, sterkum tilfinningum. Við þær aðstæður er hægt að undirbyggja jarðverð fyrir því að óheiðarlegasti aðilinn og sá með mestu ítökin og minni hugsjónir komist til valda í forsetastól (Chadwick 2018, 19. mars).

Staðleysur eða falsfréttir breiðast út að meðaltali sex sinnum hraðar en réttar upplýsingar og staðreyndar fréttir. Í öllum málaflökkum, öllum tegundum fréttar, dreifa slíkar fréttir sér hraðar en sannar og viðurkenndar. Falsfréttir um stjórnmál dreifast hve best. Á Twitter eru notendur um 70% líklegri til að dreifa falsfréttum en þeim sem sannar eru og standast gæðamat (Elfa Ýr Gylfadóttir, 2018). Þetta er meðal sláandi niðurstaðna um ástandið í dag. *„Hneyksli og uppnám, hið sjálfhverfa, háværa og ofhlaðna verða ofan á meðan hið fínlega, flókna, óhlutbundna og djúpa fælir lesendur frá og þar með auglýsendur, jafnvel þótt þessir eiginleikar eigi mun meira erindi við líf okkar,“* segir aftur metsölubókarhöfundurinn (Dobelli, 2013, bls. 302).

Einnig er vert að geta þess hvernig starfsumhverfi blaðamanna hefur breyst, raunar einangrað þá. Tæknin, netið og bætt aðgengi að miðlunartólum, stóð ekki undir væntingum blaðamanna um meiri sveigjanleika og leik við að miðla góðu efni. Þvert á móti, blaðamenn urðu þau setnari við skrifborðin sín, urðu sömu móttakendurnir og hver aðrir, vinna þeirra fólst í að flaka efnið sem þeir fundu, þýða, staðfæra og henda frá sér í stóra netbuskann (Svanbjörg H. Einarsdóttir, 2011).

Í hnotskurn má því segja að krísa blaðamenskunnar felist í breyttum markaðsforsendum og svæsnari neyslustýringu, tætingslegum breytingum á hlutverki



blaðamanna, aðkomu annarra afla að markaði upplýsingamiðlunar og oft í annarlegum tilgangi, fölsun og meðvitaðri afvegaleiðingu, þverrandi tiltrú á blaðamenn og litlum hvata til að gera vel. Eitt hefur verið að leiða af öðru. Sú sýn á atferli manna, að þeir séu hvort heldur framleiðendur ellegar neytendur, hefur orðið allsráðandi, báðir pólar virðast jafnfúsir til að láta hafa sig út í þetta fyrirkomulag.

### 2.3 Með hliðsjón af hraða og flæði

Andstæðan við hraða er hæggengi, hægd. Vitaskuld eru það engin ný sannindi en andstæðuparið er athygli vert. Oftar en við almennt leiðum hugann að tökum við afstöðu til hraða eða hægdar, allt eftir samhengi eða gildi. Hraði getur staðið fyrir skilvirkni og afköst. Svo gildishlaðin hugtök eiga sér þó andhverfu ef ekki skuggahliðar svo stundum telst hraði til helberrar plágu, til marks um hroðvirkni, óþol og læti, svo eitthvað sé nefnt. Mun þá hægdin vera vandvirk, þolinmód og rólyndisleg, kalla eftir því að staldra við, íhuga og njóta. Ef hraði er viðmiðið getur hægdin á hinn bóginn grundvallað stöðnun og afkastaleysi, það að of litlar breytingar hafi orðið, við of litlu hafi verið velt.

Áhrifaríki nútímaheimspekingurinn og fagurfræðingurinn Paul Virilio tók á fyrri hluta 10. áratugar að vara við því hvernig „tafarleysið“ væri farið að móta veröldina af „fyrirvaralausum“ krafti og að 21. öldin myndi reka alvarlegan fleyg í það sem hann kallaði rýmisvitund okkar, þar með vitund fyrir nærumhverfi og sögulegu samhengi, gerði okkur áttavillt. Með tilkomu fjarskipta- og rafeindatækninnar væri „reyndartími“ orðinn þýðingarmeiri en bæði raunheimur og staðarvitund, það ógnaði tilvistargrundvelli okkar, öryggi og menningu og sjálfu lýðræðinu í kaupbæti, sem væri enda staðbundið fyrirbæri. Í enskri þýðingu greinarinnar talar hann um „real time“ en á þá ekki við mælitækið rauntíma heldur fyrirbærið sem við skynjum og upplifum í okkar nálægð með eigin skynfærum og vitund. (Virilio, 1995). Ennfremur bætti hann í (sama rit):

Handan seilingar er truflun á skynjun okkar á raunveruleikanum: sálarsköddun. Við verðum að gefa þessu gaum. Því engar tæknilegar nýjungar sem spröttið hafa fram hafa verið lausar við sín sérstæðu innanmein. Hinar sérstæðu myrku hliðar upplýsingahraðbrautarinnar er einmitt þessi hliðrun á sambandi okkar hvert við annað og við veröldina. Einmitt þessi áttamissir, þessi „af-staðsetning“ mun leiða til djúpstæðrar röskunar. Mun það hafa afleiðingar fyrir ekki bara samfélagið heldur lýðræðið (Virilio, 1995, Nov/Dec)

Áratug á undan Paul Virilio hafði Neil Postman rökstutt með sérstæðum og oft háðskum hætti hvernig offramboð afþreyingariðnaðarins væri að murka úr okkur vitund og þrek.

Þá var nokkuð í tísku að halda á lofti dómsdagsspám um algert eftirlitsþjóðfélag, kúgun og refsigleði í anda 1984 hans Orwell. Postman vildi meina að það væri óttaleg yfirsjón, að leita langt yfir skammt. Sýnin sem birtist í Veröld ný og góð (e. *Brave New World*) eftir Huxley væri muni nær lagi, fólki er haldið í skefjum með því að auka því vellíðan, gera það mett, óvirkt og sjálfhverft. Samkvæmt Postman mun tæknin sjá um það fyrirhafnarlaust að brjóta mótstöðuafli okkar á bak aftur, við munum til að mynda ekki sjá í gegnum lygar hinna ráðandi aflu, hvað þá berjast gegn þeim fyrir bættum heimi. Okkur muni líka vel kúgun tækninnar, sem sviptir okkur hæfileikanum til að hugsa, við verðum dofin og ómeðvituð (Postman, 1985). Í þessu fyrirkomulagi eru stuttaralegar fréttir af hörmungum fyrir botni Miðjarðarhafs, sem og fjarlægjar náttúruhamfarir, glæpahringir og mannlegir harmleikir auðfærðar úr því samhengi sem við ættum að taka til okkar og settar í form dægurmenningar og afþreyingar okkar.

Án þess að taka sérstaka afstöðu til forspárgildis Postman og Virilio getum við nútímafært varnaðarsýnir þeirra. Neil Postman sá einkum sjónvarpið sem þessa kænskuógn við lýðræðið, slævunarmeðalið, en fullt eins má segja að netið sem slíkt, hin stafrænu áreitni á skynfærin og vitsmuni til jafns, vinni ekki beinlínis gegn dofaástandinu sem hann sá fyrir, ástandinu sem Huxley hafði túlkað. Paul Virilio var meira umhugað um áhrifin af því að við gengjumst við hnattvæðingu, þessari samþjöppun sem vissulega er orðinn okkar raunveruleiki, án þess að sjá í gegnum lygina: hnattvæðing og samanskroppin veröld er bara einn allsherjar sýndarveruleiki og í þessari nýju sýn liggur ný gerð af harðstjórn, við séum knúin til að varpa fyrir róða hinu innilega og nærtæka. Gagnvirkni rauntímans (e. *real time*) er upplýsingunni það sama og geislavirkni er orkunni, segir hann og vísar í Einstein og tvíræð orð hans um „fylgibombuna“, sem fylgi þeirri sem kennd er við atómið (Virilio, 1995).

Báðir hafa eitthvað til síns máls, hvað sem líður ástæðu til að staðfæra lítillaga. Einhvern upptakt að krísunni, sér í lagi þann sem lýtur að gæðum og upplýsingu, hafa spekingarnir séð og skynjað. Að leyfa áreitinu að leika lausum hala á stórsjó upplýsingarásanna er að vanrækja verðmætin sem í og með skolar á land. Þessi sífelldi straumur virðist hafa orsakað sinnuleysi, ef til vill það frekar en skilningsleysi og tregðu.

## 2.4 Hröðu blöðin

Svona hefur blaðamennskan ekki farið varhluta af togstreitu tafarleysis við tímann, hraðans við hægðina. Nú er uppi tímabil „*hraðrar og tafarlausrar blaðamennsku og áhyggjuefnis yfir skaðlegum áhrifum hraðans*“, eins og Megan Le Masurier orðar það hve almennast (Masurier, 2014, bls. 138), en bætir víða í, svo sem að við lifum á tímum ofhleðslu, þar sem við „*fáum yfir okkur of miklar upplýsingar með of miklum hraði*“ (Blanding, 2015, 19. ágúst). Þá er nú farið að tala um „einsleita fjölbreytni“ sem í því felst að netið skuli orðið ríkjandi upplýsingaveita (Bawden og Robinson, 2008). Ekki að efniviðurinn í hafsjó netsins sé einsleitur, heldur að heimildir og fróðleikur á efnislegu formi búa að drýgð og dýpt sem nú er að glatast; prentheimildir, dagbækur, ljósmyndabækur, minnisblöð og skrásetningar, margs konar útprentanir og þar frameftir götum, þessu er ekki gefinn gaumur lengur. Við lifum því, samkvæmt þessu, á tímum dauðs enda offlæðisins hvað efnislegan heimildaarf varðar (Bawden og Robinson, 2008).

## 2.5 Í ljósi sögunnar – upptaktur hraðaplágunnar

Er af sem áður var. Sögulega eru kenningar um blaða- og fréttamennsku og sýn á stéttina mannkynssaga út af fyrir sig, sterkofin breyttum tæknilegum forsendum, hraðari útbreiðslumöguleikum og gagnvirkni. Þjóðernishyggja og einstaklingshyggja kemur líka til þar sem blöðin mynduðu kjarna og skópu sterkari sjálfsvitund. (Þorbjörn Broddason, 2005).

### 2.5.1 Kenningar

Vitaskuld verða kenningar er varða blaðastéttina ekki vel slitnar úr samhengi við fjölmiðla almennt, þ.e. ljósvakamiðla sömuleiðis. Frétt næmi, fræðsluhlutverk, lýðræði og frelsi ber oft á góma. Bjartsýnustu tónarnir sem slegnir hafa verið lýsa gjarnan göfugu hlutverki upplýsingar og lýðræðis:

Fjölmiðlarnir eru svo mikilvægir í lýðræðisskipan nútímans, að þeir eru tíðum nefndir fjórða valdið. Margir telja að **fjölmiðlarnir hafi meiri áhrif á hið raunverulega lýðræði sem þjóðir búa við, en formlegar reglur um valdmörk helstu stofnana.** Í stjórnarskrá okkar segir: „Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.“ (Ólafur Ragnar Grímsson, 2004)

Leturbreyting er ritgerðarhöfundar. Ofangreint er úr ávarpi forseta lýðveldisins er hann neitaði að synja fjölmiðlalögunum svokölluðu staðfestingar, við mikið fjaðrafok árið 2004.

Af þeim lagði hann svo eftirfarandi: „*sjálfstæðir og öflugir, fjölbreyttir og frjálsir fjölmiðlar eru hornsteinar lýðræðisins*“ (Ólafur Ragnar Grímsson, 2004).

Stöldrúm aðeins við. Þáverandi forseti lýðveldisins var að grípa fram fyrir hendur þingsins er til stóð að takmarka eignarhald einstaklinga á fjölmiðlamarkaði. Þannig má skilja fyrri tilvísun svo, að lagaumgjörð sem takmarkar athafnasvigrúm fjölmiðlareksturs eigi ekki rétt á sér, slíkir tilburðir séu jafnvel til marks um ofríki hins formlega valds á hinni frjálsu tjáningu, þann lýðræðislega undirtón sem hægt og bítandi mótar samfélagið. „Hornsteinn“ er samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs „upphaflega undirstöðusteinn undir horni byggingar (oft með forsögu hennar múraða inn í)“, með síðar þá almennu merkingu að vera undirstaða (Orðabók Menningarsjóðs, e.d.). Hornsteinn er með öðrum orðum meira en undirstaða, hann er hið rammandi stykki í byggingarvirkinu (lýðræði í þessu tilliti), hann táknar þá í senn sögulega framvindu sem og uppbyggingu og nýjung („sálina“ sem oft er sagt að gamlar byggingar með sín slitför og í sínum ófullkomleika eru sagðar hafa). Fjölmiðlar eru þessi innrömmun fortíðar og framtíðar. Stórkostleg og merkingarþrungin sýn. Spurning hvort hún er ekki nú þegar orðin barn síns tíma, hvað þá þegar haft er í huga í hverra þágu forsetinn beitti sér, viðskiptamanna og fjárfesta á sviði fjölmiðla.

Fersk íslensk kenning þegar birtist á sínum tíma var sú að kalla blaða- og fréttamenn hina nýju „drottandi þjóna“ eftir að kirkjuvaldið missti áhrifsvald sitt og ítök. (Þorbjörn Broddason, 1997) með vísan upplýsingu, leiðsögn og áhrifsvald í krefjandi heimi. Þá er vel þekkt að fjölmiðlar séu „varðhundar lýðræðisins“ og sjálft Menntamálaráðuneytið hefur flaggað slíkum fyrirmyndarviðmiðunum:

Lýðræðið byggir á því að almenningur fái réttar upplýsingar sem settur eru í rétt samhengi. Þetta skiptir meginmáli þar sem aðrir þættir, s.s. túlkun gagnrýni, greining og umræður, byggjast á því að fólk fái réttar upplýsingar í upphafi. Því eru skyldur blaðamanna fyrst og fremst við borgarana (Menntamálaráðuneytið, 2005)

Allt er þetta ritað „fyrir kreppu“, fyrir hrun efnahagsins, fyrir þá daga að samfélagsmiðlar urðu snarpur þáttur í samfélaginu. Hér eru bjartsýnir tónar slegnir, en þar er bara lítill hluti sögunnar sagður, bjartsýnin um þýðingu fjölmiðla hvorki var né er alltaf svo ríkjandi. Svartsýnni sjónarhorn endurspeglar oft það, að viðtakandinn heima sé einsleitur og staðnaður hópur með sprautuför á armi eftir ísetningar fjölmiðlanna (McQuail, 2005).

Hann lætur þá hafa áhrif á skoðanir sínar, í öllu falli „hvað þeir hugsa um“, ef ekki hvernig. Neil Postman er ekki einn síns liðs.

Aftur að lýðræðinu. Að segja um fjölmiðla að þeir séu „fjórða valdið“ er ein af bjartsýniskeningunum. Þetta er sagt nánast um leið og hlutverk fjölmiðla ber á góma, svo ætla mætti að fréttamiðlun snerist öll um stjórnsmál og hið opinbera. Að vísu koma einnig við sögu „hliðarverðir fjölmiðlanna“, með vísan til valdsins til að leyfa ákveðnum röddum að heyrast. Hliðarverðirnir hafa þar talsvert vald, að ákvarða hvaða fréttir séu mikilvægar til að fjallað sé um þá. (McQuail, 2005). „Fjórða valdið“ er áhrifspátturinn sem fjölmiðlar hafa á umhugsunarefnin.

Í öllu falli fangar sýnin á samband fréttamiðils við viðtakandann ekki svo vel offlæðið. Ofangreint lýsir fyrirmyndarstöðunni eða kyrrri og passívri stöðu miðlara og móttakara og nær ekki utan um vandamálin sem fylgja einsleitni þeirra, slagsíðu eða óvandvirkni. Ekkert í eðli þessara lýsinga eða kenninga brynver fjölmiðla fyrirvörum og takmörkunum. Því síður ná þær utan um það ef of mikið efni berst, svo að miðlunin drukkni í misvönduðu flæði upplýsinga.

### 2.5.2 Viðsnúin hugsun

Þegar þetta er ritað hafa íslenskir fjölmiðlar frætt okkur um það í einni frétt eftir annarri að sauma þurfti 80 spor í andlit barns eftir hundsbit (t.d. mbl.is, 2018, 3. apríl). Verandi í miðri ritsmíð þá glumdi í eyrum frasi sem kenndur hefur verið við nokkra, en oftast þó, að virðist, ritstjóra *New York Sun* (John B. Bogart) frá árinu 1882. Hann var á þessa leið: *Það er ekki frétt að hundur bítu mann. Það er frétt að maður bítu hund*. Hver svo sem átti í hlut, þá er strax fyrir árið 1900 komið eitthvað popp í fréttirnar, en eitthvað verður að telja rangt við að hraðsjóða svona flókið og krefjandi fyrirbæri niður í tóma tunnu hnyttinnar. Í frasanum felst vitaskuld sú merking að hið óvenjulega og frávikin séu frásagnar verð, ekki hið almenna.

En í ljósi hringrásar sögunnar, í ljósi þess að hæggeng blaðamennska er að vissu leyti afturhvarf, skulum við betrumbæta fortíðina og spyrja: Hefur einhver skeytt um að segja sögu hunds í bandi og velta upp spurningum um umhverfið sem hrekur mögulega aðþrengt dýr til að mögulega bíta frjálsan manngarm? Skyldi þar mögulega liggja heil saga sem í senn er einstök en með breiða skírskotun? Er hundur og barn kannski sérstakt hugrenningapar, frekar en hundur og maður? Eru það áttatíu sporin sem eru þungavægið

í sögunni? Hví þá það? Eða, hví skyldi það svo sem vera frétt að maður bíti hund, erum við ekki orðin þaulvön frávikum frá samfélagsnorminu í hverju horni, er ekki nákvæmlega það sem grundvallar afþreyingariðnaðinn við smelli fréttanna? Hvað ef hundurinn var varðhundur og maðurinn, segjum lítið það í þjófagengi?

Ef varðhundur lýðræðisaflanna bitur fulltrúa afturhaldsins í rassinn, er það til og frásagnar vert? Skyldi vera hægt að sýna fram á að eitt lítið bit er meira frásagnar vert en 80 sporin sem barn í Kópavogi mátti þola af hálfu hunds af Alaska Malamute kyni? Hvar liggur hið óvenjulega og aðlaðandi fyrir lesendur í þessu, mót segjum möguleikanum á að kynnast bakgrunni þess sem hér stendur fyrir hundgrey?

### 2.5.3 Hraðaplágan í samhengi

Byltingin með Gutenberg prentvélinni á 15. öld skóp andrúmsloft fyrir siðaskiptin, lýðræði og upplýsingu og sýndu tilhneigingu einráða til að skerða frelsi manna í því skyni að halda völdum (Þorbjörn Broddason, 2005) og svona virkar væntanlega tæknin, nýjar raddist heyrast og svipir sjást og annað misjafnt lætur undan síga. Þegar böndum trúarlegrar íhlutunar við prentlistina linnti fékk almenningur aukið svigrúm til að tjá sig og verða gagnvirkur aðili, þátttakandi í samfélagsumræðunni og almannarýmið kom til. Ekki þurfti netið til að heimurinn skryppi saman í heimsþorpið svokallað, sem er tjáningarrými fyrir samskipti er tæknin skóp.

Allar svona kenningar þótt frægar séu fanga illa hraða og offramboð. Skár miðar í áttina þegar fjölmiðlum, hvort heldur er á letri eða í ljósvökum, er lýst sem gæsluvörðum og aðhaldsafli, svo sem téðum „varðhundum lýðræðisins“ og „fjórða valdinu“. Varðhundar lýðræðisins eru þá þeir sem halda stjórnvöldum, opinbera kerfinu og gangverki samfélagsins við efnið og fjórða valdið það, að tjáningarfrelsinu sé beitt til upplýsingar en um leið viðhorfsmótunar. Í hvoru tveggja felst þó ákall eftir því að vandað sé til verka, efni sé ígrundað og nálgast á gagnrýninn hátt sem og að fara ofan í saumana á málefnum.

En þetta dugar heldur ekki alveg til. Til að ná utan um einkenni nútímablaðamennsku eins og henni er að ofan lýst, sem of mikið af öllu nema tíma, þarf að huga að fjölgandi boðleiðum og harðri samkeppni um að fá að vera sá sem miðlar á staðnum. Þar er bölsýnistónninn ekki langt undan. „*Hið hraða og ranga sigrar það hæga og rétta*“, reit Brendan Nyhan í grein í varðhundablaðinu *Columbian Journal Review*. Voru það eins

konar einkunnarorð vandans sem nútímablaðamennsku er búin, en orðin voru yfirskrift talsvert vandlega reifaðrar greinar um það hvernig fréttáflutningur af sprengjuárásunum í Bostonmaraþoninu árið 2013 skildu hina áhugasnaudu eftir betur upplýsta en hina, sem biðu átekta nýrra fréttu af vettvangi. Ekki bara það, allt fór hræðilega úr böndunum. Í æsingnum eftir að fóðra þá óþreyjufullu varð fréttáflutningurinn svo afvegaleiðandi að hann leiddi meðal annars til að saklaust fólk var bendlað við aðild að voðaverkefinu, venjulegt fólk eingöngu á vettvangi skyndilega orðið þátttakendur í skipulagi og vitorði, með hörmulegum afleiðingum fyrir það (Nyhan, 2013). Svona saga er drýgri en hugmyndasaga í myndlíkarformi utan um fréttæmi og táknræn hlutverk okkar sem viljum miðla einhverju áfram.

Bölsýnistónninn þarf ekki að hafa sagnarspárgildi, hann getur fullt eins gefið tilefni til að staldra við og athuga hvort ásýnd fjölmiðlamarkaðar sé ekki komin að þölmörkum „fjölmiðlaneytenda“. Ef till vill má nýta sér tilvikið sem í sögunni felst til að horfa til þess hvort hægt sé að mæla viljann og eftirspurnina. Og hvort hægt sé að sætta póla togstreitunnar um hraða og andstæðu hans. Könnun meðal hollenskra ungmenna, á aldrinum 15-39 ára, sýndi að yfirgnæfandi meirihluta fyndist þau eiga að geta nálgast nýjar fréttir hratt og örugglega allan sólarhringinn, en góður hluti sýndi sömuleiðis leit eftir því að fréttamiðlunin væri vandaðri, færi meira ofan í kjölinn á málum, rannsakaði hluti, gæfi greinargóðar upplýsingar, ætti í meiri samvinnu við lesendur og væri uppbyggilegri (Drok og Hermans, 2015).

Þannig er nú talað um að blaðamennsku þurfi að endurhugsa og jafnvel endurskapa (e. *reinvent*). Sjónarmiðin eru nokkur. Annars vegar er því haldið fram að stafræna veröldin undirstriki þörfina fyrir hraðvirkan sífelldan fréttáflutning (e. *digital first strategy*) á meðan aðrir sjá þessa nútímaveröld sem hvatningu til að glæða málefni samhengi, skapa heilsteypta framhaldssögu. Aðgengið er jú aldeilis til staðar og ætti að orka hvetjandi til að sía úr og greina hið marktæka frá hinu ómarktæka (Nanterme, 2017).

### 3 Hæggeng blaðamennska kemur til sögunnar

Eins og fyrr hefur komið fram, þá er „endalok miðjunnar“ (e. *end of the middle*) hagfræðihugtak sem jafnframt voru aðfararorð Susan Greenberg í grein Prospect Magazine í febrúar 2007. Titill greinar hennar var einfaldlega „Hæggeng blaðamennska“ og svo áreynslulaust var hugtakið fyrst kynnt til sögunnar (Greenberg, 2007).

Þessi stutta grein Greenberg lætur heilt yfir mjög lítið yfir sér, skartar engum ögrandi yfirlýsingum eða æpandi frösium til að láta hafa eftir sér, svo fátt bendir til að höfundur sé að varpa fram nýjung. Ef til vill er það stílbragð í anda eigin stefnu. Þegar hæggeng blaðamennska er fyrst nefnd í greininni er það eftir öðru látlaust, líkt og hún sé að lýsa þekktu ástandi frekar en að myndast til að skapa bættu hefð í blaðabransanum. Hún spyr hvort „endalok miðjunnar“ eigi við um upplýsingar rétt eins og með til dæmis mat:

Við fáum þessar venjulegu fréttir fyrir ekki neitt í kringum okkur og á netinu. Í miðjunni er hefðbundinn blaðamiðill, angi sem er að tapa lesendum. Á lúxusendanum ætti að vera vaxandi markaður fyrir vandaðri ritsmíðar og annað eins sannsögulegt efni sem tekur tíma að kafa ofan í saumana á og benda á það sem öðrum yfirsést og miðla eftir bættum gæðakröfum: „hæggeng blaðamennska“ (Greenberg, 2007)

Svo einfaldlega fær hugtakið sína fyrstu viðkyrningu. Við erum góðu vön fyrir lítið, en það efni er eftir allt saman ekki tiltakanlega gott. Bretland, sem hún kemur frá, er eftirbátur Bandaríkjanna í lifandi og skapandi blaðamennsku, rómantíska hefðin breska hefur gert mun skarpari skil milli bókmennta og frásagnar, meðan Bandaríkjunum hefur tekist mun betur að gera sköpunargáfuna að lið í bættum skilningi á samfélaginu. Susan Greenberg fann þessu bjartsýnisflöt í stað bölsýninnar sem oft svífur yfir vötnum. Hlutir eru að breytast, hefðarbönd og afmarkanir að slitna og sköpun og gerjun í loftinu. Lúxusendinn er ekki dauður úr öllum æðum. Fréttablöð eru að taka á sig brag tímaritanna og það þýðir meiri fjölbreytni og svigrúm til að vera skapandi. Bretland er farið að hampa skapandi en þó sannri og vandaðri blaðamennsku í auknum mæli, bæði með verðlaunum, kaupum á „sannsöguefni“ (non-fiction er þýtt svo skemmtilega í íslenska bókmenntaheiminum, sannsögur) og fleiri háskólar hafa tekið upp kennslu í blaðamennsku, að amerískri fyrirmynd (Greenberg, 2007).

Þar eð hæggeng blaðamennska á sér ekki langa sögu hefur og lítið verið ritað um hana, fræðilega er stefnan enn yngri en fyrirbærið sjálft. En í umfjöllunum virtustu dagblaða heims hefur ekki skort háleitar lýsingar, líkingarmál, yfirlýsingar, orðaleiki og



leiki með andstæðurnar. Oft eru þessar umsagnir býsna hrífandi, jafnvel þótt stundum séu þær í slagorðastíl. Þannig hefur blaðamennska verið kölluð „sagnaritun á hlaupum“ og í sömu grein að nú séu sífellt fleiri blaðamenn farnir að „haska sér til að hægja á“ (Al Jazeera, 2015).

### 3.1 Upphaf hæggengisstefnunnar

Lífspeki hæggengrar blaðamennsku byggir á grunni annarra hæggengishreyfinga. Þó er óhætt að kalla fyrirbærið nútímalegt. Uppruni þess er yngri en hálf mannsævi og þar fyrir utan dregur stefnan dóm af aktívísku andófi gegn þeim hnattrænu kapítalísku breytingum sem þykja einkenna nútímann. Hugtakið „hraðaveikin“ (e. *time sickness*) rekur uppruna sinn til ársins 1982 og nú er talað um að við séum pikkföst í hraðameningunni, séum jafnvel „hraðafíklar“ (speedaholics) (Honore, 2010). Þessi fullyrðing kann að virðast uppskafningsleg. En það sem höfundur á við er að á meðan það sé hreint ekkert að því að kaupa örbylgjuofn ef við viljum eyða orkunni í annað en eldamennsku, eða fara á hraðlestrarnámskeið ef við komumst ekki svo glatt yfir allar bækurnar sem við fengum í jólagjöf, þá þurfi sumir hlutir á mun hægari gangi að halda en þeim er gefinn. Útfærslur ýmissa stórra mála þarfnist meiri varfærni og betri tíma. Náttúran er mjög skýrt dæmi um það. Regnskógar eru að þorna upp, fiskistofnar að hrynja, veraldleg og andleg gæði á undanhaldi fyrir tilstilli sívirkrar samkeppnis- og gróðahugsjónar nútímakapítalísma, „túrbókapítalísma“. Kapítalísminn sá sé orðinn ofhraður sjálfum sér. Blaðamennskan kann að taka undir undanhald gæðanna með því að hin vitrænu gæði hafi orðið undir í átroðningi hinnar hröðu mótunar. Með öðrum orðum, hraðinn stendur fyrir ofpenslu, átroðning, óvandvirkni, skyndigróða og þar frameftir götum (Honore, 2010).

Allt á þetta sér sínar rætur og sín uppvaxtarár. Segja má að með „hraðafíkninni“ sé grunnur lagður að því að takast akademískt á við þanda veröld. Árið 1986 markar hins vegar upphaf þess að almenningur tók mál í eigin hendur. Þá opnaði McDonalds keðjan verslun á Piazza di Spagna, einhverjum innstu hjartarótum Rómarborgar. Hörð mótmæli spruttu við tröppur byggingarinnar á opnunardegi en Ítalinn Carlo Petrini tók ísmeygilegri pól í hæðina. Eins og hann sagði frá í viðtali við Independent á 20 ára stofnafmæli hreyfingar sinnar, þá hafði hann talið hefðbundin mótmæli duga skammt, hafa skammlíf áhrif. Hann var á hinn bóginn heltekinn af ástandi heimalandsins í víðara samhengi, efnahagurinn einkenndist af annarlegum uppgangi frá því eftir síðari heimsstyrjöldina svo

matarmenningu ásamt fleiru stafaði ógn af. Hugljúf tryggð bænda og vínræktenda við kaupendur var að rofna, hreinar landbúnaðarvörur beint af búi að deyja út fyrir stærri keðjur með tilheyrandi fjöldaframleiðslu og skyndibita, aukaefnum og óhollustu, útpenslu, eyðileggingu og „viskudauða“ hinna umhverfismeðvituðu framleiðenda (Popham, 2009).

Þannig varð úr að Petrini hratt af stað andófshreyfingu gegn McDonalds og annarri eins skyndibitameningu þáð árið og þremur árum síðar, 1989 gaf hann ásamt fylgisveinum út stefnuyfirlýsingu, manifesto, um þörfina fyrir að staldra við, huga að, gera kröfur og vinna með að takmarki hreinleikans og hollustu. Takmarkið varð jafnframt einkunnarorð hreyfingarinnar, „gott, hreint og réttlátt,“ (good, clean and fair, eða á ítölsku: buono, pulito, giusto). „Good“, gott, mætti þýða jöfnum höndum vandað, faglegt. „Clean“ eða hreint getur verið hreinlegt, falslaust, ekta, upprunalegt og „fair“ eða heiðarlegt hefur inntak sem kannski er erfiðast að fanga með einu orði, sanngjarnt, réttlátt, heiðarlegt, ærlegt. Hefur „fair“ þá væntanlega skírskotun í „fair trade“, að iðnaðurinn byggji á siðlegum forsendum, manngildissjónarmiðum og/eða dýravernd. Samhengi og stefnur geta grundvallað blæbrigðamun þýðinganna.

Uppfrá þessu hófu fleiri angar lífsins að takast á við hæggengið sem stefnu. „*Eftir því sem neytendur verða dómbærari á gæðin, verða allir knúnir til að bæta sig,*“ eru þau skil sem Honore gerir hugsjón hæggengis og styður mörgum sönnum dæmum úr eigin umhverfi (Honore, 2010, bls. 67). Hæg vísindi (e. *slow science*), hæg heimspeki (e. *slow philosophy*), hæg ljósmyndun (e. *slow photography*), jafnvel hægt kynlíf (e. *slow sex*) sem og hæg uppeldisaðferð (e. *slow parenting*) eru meðal þeirra yfirlýstu „hæggengisstefna“ sem hafa rutt sér til rúms hin síðustu ár í kjölfarið. Vísindin eiga að fá að taka sinn tíma óháð þrýstingi um ritrýndar birtingar, sem sagt andstæð „publish or perish“, andstæð hjómi og vegferð (Slow Science, d.e). „*Við erum vísindafólk. Við bloggum ekki. Við tvítum ekki. Við tökum okkur tíma,*“ eru upphafsorðin í þeirra stefnuyfirlýsingu. Ljósmyndunin skal vera íhugul og næm öndverð gegnsýringu sjálfsmyndana og handahófskenndra „snappa“ af því sem fyrir verður. Sjálft uppeldið er einnig undir, hæggengar uppeldisaðferðir kveða á um að í uppvexti farnist börnum best við hve náttúrulegast og áreitiminnt umhverfi. Hægt skuli þau dafna, án kapphlaups við tómsundur samtímans, í hæggengi eigi þau að finna sjálf sig, öðruvísi verður barnsskynjunin, sálarlíf og þroski þess

skekkur (Honore, 2010). Loks má nefna hægt kynlíf, sem annan vinsælan unaðarauka við uppskeru hægframreiddra háttá (Honore, 2010).

Segja má að sameiginlegt leynihráefnið eða leynivopnið við hverja af þessum iðjum sé tíminn, hann sé með bestu hráefnunum, verkfærunum, aðferðunum sem notast er við. Sem dæmi um vettvang þar sem hver stefnan mætir annarri þá hittist félagsskapur hægðarinnar árlega í litlu austurrísku hóteli nálægt Ölpunum, hægu hóteli. Carl Honore, höfundur bókarinnar *In Praise of Slow* sem talsvert er vitnað í hér sagði frá slíkum samfögnuði, hæg myndlist var á veggjum, kyrrðin ein úti, með hreina náttúru og hægán mat í forgrunni. Orkaði samfögnuðurinn sem hvatning til að hverfa æ meir í veröld og menningu hægá taktsins, með til jafns alvöruþrunginn undirtón eða húnorinn og léttleikann að vopni. „Að vera Hæg þýðir að þú stjórnar hrynjandi þíns eigin lífs. Þú ákveður hve hratt þú ferð eftir þínu eigin samhengi. [...] Við erum að berjast fyrir réttinum til að ákvarða okkar eigin gangtakt“ (Honore, bls. 16). Hástafur í Hæg er ekki stafsetningarvilla, svo mjög hafa hópar eftir hópa tileinkað sér hægðina og hampað svo hvar sem því verður komið, að það kennir sig orðið við hana líkt og þjóðerni.

Hvernig þó svo sem aðrir lífsins angar laða hægá hugmyndafræði að sinni grein, þá valda takmarkanir tungumáls og þýðingar því að þær verða sjaldan eins gagnskýrar og tærar sem í matargerðinni, blæbrigðataktur íslenskrar tungu torveldar svolítið hreinleika inntaksins slow. „Slow food“ er bein andstæða „fast good“, skyndibita. Þetta andstæðupar þýðist sjaldan eins skorinort. En hvað sem því líður þá miða þessar hægngisstefnur á einn eða annan hátt við að fanga það sem falslausast er, náttúrulegast, og það sem nær inn að hve sannasta kjarna. Með öðrum orðum, vera sem best, hreinlegast og ærlegast. „Hægt líf felur í sér meðvitaðar málamiðlanir á ólíkum skammtímaþáttum sem hversdagur okkar grundvallast á, að heita sér því að veita tímanum eftirtekt“ (Honore, 2010) Að tileinka sér hægán lífsstíl er ekki það að gera allt á hraða snigilsins. Eftir allt saman var það þó seiglan í sniglinum sem vann kapphlaupið við hérann í ævintýrinu fræga, því hérinn fór fram úr sjálfum sér, varð skammsýnn og sjálfsupptekinn. Að „hægja á“ því sem þykir einkenna nútíma blaðamennsku má því segja að sé kall eftir því að blaðamennska sé vitræn og fylgin sér, þolinmóð, sönn, vönduð og setji hluti í samhengi, skoði bakgrunn, nái inn að kjarna; öllu heldur „góð, hreinleg, réttlát“.

### 3.2 Af sérstöðu hæggengrar blaðamennsku

Byrjum á veforðabókinni MacMillan Dictionary og leyfum henni að standa á enskuni:

Slow journalism developed as a reaction to the 24/7 news cycle, with an emphasis on in-depth explanations of why stories matter and following them through to the end, as opposed to reporting stories with a quicker turnaround such as breaking news (MacMillan Dictionary.com, e.d.)

Svona er hugtakið, hægt og bítandi, að læða sér inn í orðabók blaðamanna og orðaforða blaðamenskunnar, hversu nýlega sem annars er farið að fást fræðilega við hæggenga blaðamennsku. Erik Neveu finnur merkingu hæggengrar blaðamennsku hljóm í margræðni merkingarinnar „hægur“ (slow) og gefur ennmeiri dýpt með því að minna á það sem Megan Masurier gerði að umtalsefni, að *journalism* er fleirtöluorð (Neveu, 2016), hæggengið er hvort heldur bakgrunnur, þolinmæði, dýpt og samkvæmt því að blaðamennska er fleirtöluorð er hún líka ólíkar nálganir og stílbrögð.

Um þarf ekki að deila, hæggeng blaðamennska er krefjandi. Sönn og ljúf dæmisaga í boði tímaritsins New Yorker gefur innsýn. Velmetinn blaðamaður tímaritsins segir frá því er hann ætlaði í langt ferðalag til að fylgja eftir ferðum frumbyggja á eyðilegum stað, með dagbók að vopni. Fararskjótinn er múlasni. Hann fær ráð frá reyndum í bransanum: Ef hann ætlar að ríða á múlasna skuli hann fyrst í rólegheitum búa sig undir að höndla reiðina. Vísast er minnsta mál að halda sér á baki, ekki er æsingi dýrsins fyrir að fara. Hitt er, að það útheimti tækni, úthald og þolinmæði að ríða langa leið svo hægt sem á 3 mílna hraða á klukkutíma (5 kílómetra). Ráðið þáði sögumaður af samstarfsfélagi sínum. Sá hafði stundað viðlíka skrif við ámóta aðstæður og birt sem ferðasögu, hægt og bítandi, eftir því sem hinni makindafullu leið hratt fram. Hæggengið reyndi meira á en vegferðin sem slík, var meira krefjandi en verkefnin sem fylgdu ferðinni. Stundum er hægðin sársaukafyllri en hraðinn en æði oft verðlaunar hún þó vegferðina við endastöðina (Osnos, 2013).

Ýmislegt getur haft áhrif á ekki bara úrvinnslu og gæði fréttu heldur og fréttamatíð sjálf. Ýmis gildi, svo sem þjóðernishyggja og pólitískar skoðanir þvælast stundum fyrir og getur þegar verst lætur orðið samdauna ríkjandi stríðsástandi, eins og Svanbjörg H. Einarsdóttir hefur bent á. Vísar hún þar máli sínu til stuðnings á Robert Fisk sem taldi að þegar fréttamenn skýrðu ekki rétt frá mikilvægum atburðum þá hefði þeim ekki einungis mistekist í starfi sínu heldur séu orðnir hluti þeirra blóðugu viðburða sem ætlast væri til

að þeir skýrðu frá. Þarna minnir alvarleiki krísunnar á sig, því samkvæmt Fisk eru fréttamennirnir meðsekir í viðhaldi stríðs ef þeir greina ekki frá því sem ríkjandi skoðun kvæði á um að væri andstætt málstað þjóðarinnar (Svanbjörg H. Einarsdóttir, 2011).

Nærtækt dæmi grípur Svanbjörg á loft: Skeytingarleysi fjölmiðla um fjármálaástandið í aðdraganda hruns, það megi skoða með þessum sömu glyrnnum gagnrýninnar. Aftur minnir hornsteinninn á sig, sjálfum sér til háðungar. Áfram heldur Svanbjörg á góðum spretti, með franska heimspekinginn Bordieu sér til halds, að til að fá menn til að breyta rétt þurfi að tryggja skilyrðin og umhverfið sem ýti undir dyggðuga breytni og vísar orðrétt í hann: „Hvort sem blaðamenn hneigjast til dyggðugar breytni eða ekki snýst málið að endingu um hvernig tryggja megi að þeir hafi hag af dyggðugu hátterni og líti á almannþjónustuhlutverkið er hvílir á þeim sem sannkallaða þjónustu við almenning en ekki sem auðsveipni við markaðinn, þ.e. við boðorð lestrar- eða áhorfstíðninnar“ (Svanbjörg H. Einarsdóttir, 2011, bls. 36).

Þegar hér er komið sögu hlýtur niðurstaðan að vera sú að bestu skilyrðin til að tryggja þennan hag sé einmitt hæggeng blaðamennska, að ryðja brautina með því að hampa hæga takti upplýsingamiðlunar í hvívetna. Gera hægeldaða blaðamennsku lokkandi og ljúffenga, svo sem eins og með því að höfða til löngunar eftir því að komast til botns í hluti, taka þátt í afhjúpun, höfða í versta falli til óþolsins gagnvart svokölluðum kranafréttum. Varla er eftir allt saman nokkur í okkar ríki varðhunda, hornsteina og lýðræðis að fara að mæla þessu mót, er það?:

Við þurfum fólk sem raskar rónni, fer í mót viðteknum sjónarmiðum og leitar annarra sjónarmiða en hefðin er. Sannleikurinn, sem svo er nefndur, er sjaldnast sem sýnist. Samfélag í kyrrstöðu ber leiðindin í sér. Hætta er á ferðum þegar fjöldinn hefur aðlagast þeim sjónhverfingum sem valdastéttin heldur fram“ (Sigurður Bogi Sævarsson, 2010, bls. 5)

### **3.3 Nokkur hæggengisblöð**

Nokkur blöð í heiminum státa af tímaritum sem vinna alfarið í nafni hæggengrar blaðamennsku. Finnska tímaritið hefur áður verið nefnt. En fleiri koma til í öðrum nálægum löndum. Vert er að gera nokkrum þeirra skil til glöggvunar um vissan sveigjanleika en ekki svo ólíka eiginleika. Áherslur, einkenni, gera verið ólík milli blaðanna en fljótt á litið virðist ekki svo vera.

### 3.3.1 Delayed Gratification – Bretlandi

Breska tímaritið Delayed Gratification er risinn á svæðinu. Það hefur starfað um nokkurt skeið á vegum félagsskaparins The Slow Journalism Company og krefst áskriftar. Gegnum þeirra heimasíðu á slow-journalism.com komast áhugasamir skammt nema þeir gerist áskrifendur, þótt ýmislegt hliðarefni og kynning á metnaði hæggengar blaðamennsku megi þar finna. Án innskriftar má læra um gildi hæggengar blaðamennsku og markmiðin, hugmyndafræðin kynnt og hugsjóninni lýst. Raunar leynir auglýsingaskynið sér ekki. Þar er áhrifspáttum beitt á borð við Youtube til að kynna sig og veita starfseminni þunga. Auk heldur eru úrdrættir úr sögum þeirra fánlegir. Engar auglýsingar koma til, nema í sig sjálf.

Bretland státar af því að vera heimsveldi á sviði fjölmiðla rétt eins og landvinninga og má þar fremst nefna fréttastöðina BBC (og journalism.co.uk) og þeirra stóra engilsaxneska málsvæði vinnur sannanlega með þeim. Þó væri söguleg einföldun að ætla þeim að vera hina einu sönnu fyrirmynd án nokkurs annars samanburðar eða innsýnar í það hvernig málum er háttað annars staðar (*Delayed Gratification, e.d.*)

### 3.3.2 Zetland – Danmörku

Zetland bauð sem áður sagðir fyrstir upp á *e-singles*, rafræn dýptarinnar lesefni. „*Our mission is not to make news but to make sense*“ segja þau og það þýðist illa, meika sens frekar en fréttirnar. Einhver samvinna hefur átt sér stað milli Zetlands og Long Play. Þeir státa af að byggja eingöngu á áskriftum, frjálsum fjölmiðlum og söfnunaráttökum. Margar tilvitnanir eru í þau og einhvern veginn má skila að sú stefna sé uppi að síðan auglýsi sig sjálf, með því að hampa því sem þau standa fyrir. Engar auglýsingar koma til (*Zetland, e.d.*)

### 3.3.3 De Correspondent – Hollandi

„From news to new“ er yfirskrift Hollendinganna í enska hluta fréttablaðs þeirra. Ríkt efni er bæði að finna á hollensku sem ensku og Hollendingarnir bjóða tölvupóstsáskrift. Meðan Bretarnir á sinni síðu auglýsa og kynna hæggenga blaðamennsku lýsa Hollendingarnir því hvernig þeim tókst að slá met í að tryggja rekstur sinn með söfnun frjálsra framlaga einum saman. Þeir kynna sig á eftirfarandi hátt og kynna um leið hvernig þeir skilgreina hæggengi blaðamenskunnar: „*The Correspondent er vettvangur hollenskra blaðamanna til að einblína á bakgrunn, sundurgreiningar og rannsóknarblaðamennsku, hvaðeina það sem fjölmiðlum meginstraumsins hættir til að vanrækja*“ (*De Correspondent, e.d.*)

### 3.3.4 Jot Down – Spáni

Jot Down sker sig kannski helst úr. Það var stofnað í maí 2011. Nokkrum spænskum listamönnum fannst vanta í spænska menningu poppað og líflegt fréttæfni af ýmsum toga svo þau réðust í stofnun tímaritsins, í upphafi á netinu eingöngu. Á Spáni og í spænskumælandi Ameríku var Jot Down strax vel tekið og þegar heimasíðan er sótt má sjá að í raun er um allsherjar fyrirtæki að ræða. Það selur boli sem tímarit, bækur og teiknimyndasögur, svo fátt eitt sé nefnt. Efniviður Jot Down er alþýðlegur en einkennist fyrst og fremst af samtíma poppmenningu. Á heimasíðu þeirra er einnig að finna efni ætlað börnum. Hið óvenjulega við Jot Down, auk þess að vera tímarit í blóma með góðan orðstír í hæggengri blaðamennsku, er að þegar fyrirtækið óx, fóru þeir yfir í prentaða útgáfu og þannig selja þau einnig tímarit og bækur (*Jot Down*, e.d.)

## 4 Finnland

Niður í mal úr marðarskinni  
mæta lét hann kornið frjóa,  
gengur síðan að sá í jörðu,  
sæði dreifa um mörk og haga,  
unz hann kom að Kalevabrunni,  
kom að brekkum Osmohaga.<sup>1</sup>

### 4.1 Físland

Ljóðabálkurinn Kalevala er hughrífandi menningargersemi Finnlands, seiðmagnað og drjúgt framlag til norrænnar menningar. „Við Íslendingar sáum að hér var á ferðinni verk sem var skyldara fornbókmenntum okkar en nokkrar aðrar bókmenntir sem við höfðum kynnt, hljómfallið islenzkt ekki síður en finnskt,” reit Matthías Johannessen. Annars er þjóðum með gjörólík tungumál og talsvert ólíka sögu eðlilega takmörk sett og væri skiljanlegt að þær nálguðust hvor aðra útfrá framandleika fremur en skyldleika. En milli Íslands og Finnlands er allt málum blandið, nánd og fjarlægð takast á:

Þrátt fyrir margt sem aðskilur eiga Finnar og Íslendingar fleira sameiginlegt en við blasir við fyrstu sýn. [...] Finnland og Ísland urðu sjálfstæð og fullvalda ríki um og upp úr fyrra stríði. Hvorugri þjóðinni var spáð velfarnaði í upphafi vegferðar. Báðum hefur þessum þjóðum tekist að láta hrakspárnar verða sér til skammar. Báðar eiga þessar þjóðir djúpar menningarlegar rætur, kenndar við Kalevala og Eddu. Og búa yfir nægri þrjósku til að varðveita sín fornu tungumál sem fáir aðrir skilja. [...] En það er líka margt sem aðskilur. [...] Við Íslendingar erum vertíðarfólk og áhlaupamenn. Finnar eru bændur og búalið aftur í aldir, bjargfastir og óbifanlegir (Jón Baldvin Hannibalsson, 2017, bls 7-8)

Ofangreind orð eru nokkuð sígilt stef þegar löndin tvö ber á góma samtímis. Samskiptin hafa verið glettilega lítil sé til þess litið að bæði lönd tilheyra Norðurlöndum. Íslendingar hófu að stunda nám við finnska háskóla uppúr 1950 og að sama skapi tók einstaka Finni að nema norræn fræði við Háskóla Íslands um svipað leyti. Viðskiptin hafa einkum falist í fiski frá Íslandi og iðnaðarvörum og trjávörum frá Finnlandi, almennara og ófrumlegra getur það ekki verið. Þó má á Borgþóri Kjærnested skilja að frelsisbarátta Finnlands og frækileg framgangna í

---

<sup>1</sup> Úr kaflanum Sáningin mikla, Kalevala I, þýð. Karl Ísfeld, 1957.



Vetrarstríðinu 1939 hafi verið íslenskum stjórnámálumönnum, verkalyð og borgarastétt sterk fyrirmynd í íslenskum áttakamálum þess samtíma, stundum ærið innilega, ekki bara formlega (Borgþór Kjærnested, 2017). Allt er þetta samt útúrdúr, meira til gamans gert. Þó er þetta mögulega til einhvers áherslu þess að ekki er alveg fráleitt að ætla Íslandi að máta sig lítið eitt við Finnland.

## 4.2 Long Play og „hinir fjölmiðlarnir“

Blaðamennska í Finnlandi hefur átt á brattann að sækja síðustu ár. Eflaust er sú umsögn að þeir séu „bjargfastir og óbifanlegir“ ekki fjarri sanni.

Sem áður sagði hlaut hópur stofnenda Long Play nýsköpunarverðlaun og veglegt stofnfé í styrk árið 2013. Á heimasíðu þeirra má strax skilja að tímaritið gefur út eina langa sögu mánaðarlega. Efnið er allt á finnsku svo útbreiðslumöguleikar takmarkast nokkurn veginn alfarið við þessa 5.4 milljóna þjóð. Sniðið (e. format) er stílhreint og aðgengilegt. Leiðarar og útdrættir á efni mánaðarins eru opin. Verðið er mjög hóflegt, bæði áskriftarverð og stakar greinar. Engar auglýsingar eiga sér stað á heimasíðunni. Long Play birtir eingöngu hæggingisefni, ef aðeins frá eru taldar ritstjórnargreinar og stöku stutt eftirfylgni með málum ef þurfa þykir, ef ný tíðindi berast sem rétt er að gera stutt skil, aldrei þó á kostnað vikulegrar hægrar sögu.

Suomen Kuvalehti er annað blað, rótgróið fréttablað, stofnað árið 1916. Það er gefið út einu sinni í viku og gengur á áskriftum og einkanlega gefið út á prenti. Þeir eru með fasta starfsmenn sem einir fást einkum við hægginga blaðamennsku en sinna óhjákvæmilega smærri verkum í og með, svo sem eftirfylgni, og eru þátttakendur í útgáfu hvers blaðs. Einn viðmælandi þessarar rannsóknar starfar á Suomen Kuvalehti og er til frásagnar um þetta.

Aamulehti (aamu þýðir morgunn og lehti blað) er annað tveggja stærstu morgunblaða Finnlands og mikill burðarás fjölmiðla vesturhluta Finnlands. Það var stofnað árið 1881 í því skyni að efla finnska tungu og ýta undir sjálfstæði þjóðarinnar meðan Finnland tilheyrði Rússneska keisaradæminu (Aamulehti, e.d.) Það kemur út á prenti á hverjum morgni og er einnig uppfært reglulega á netinu. Víðlesnasta dagblað Finnlands er hins vegar Suomen Kuvalehti. Það býður oft en þó óreglulega upp á hæggingisefni. Kemur það þá með fylgiblöðum, einkum Kuukausitet (Suomen Kuvalehti, e.d.).

## 5 Af öðrum öngum hæggengi

Dæmi um rómaðar gerðir hæggengrar blaðamennsku gefa góða sýn.

### 5.1 TED samkoma

Á Youtube má finna myndband frá árinu 2014 á vegum góðgerðasamtakanna TED um hæggenga blaðamennsku (einnig aðgengileg á heimasíðu The Slow Journalism Company, sem hýsir Delayed Gratification). TED (Technology, Entertainment, Design) er ein boðleið til að miðla upplýsingum sem netið hefur hjálpað til við að færa frægðina. Rob Orchard, ritstjóri Delayed Gratification, heldur 16 mínútna tölu í Madrid um ólíka eiginleika stefnunnar. Þar varpar hann ljósi á nokkur mest einkennandi vandamál nútímablaðamennsku. Kemur kannski ekki á óvart að hið fyrsta og ef til vill mest áberandi einkenni hennar er hraðinn. Í hans dæmi er áður óreifað vandamál þar lútandi, að ákafinn eftir að skúbba leiðir oft til rangrar fréttabirtingar, jafnvel að ranga útgáfan af fyrirfram unninni frétt fer í loftið.

Annað dæmi er hvernig tilkoma samfélagsmiðlanna hefur um margt tekið yfir hlutverki hinna skúbbandi kranamiðla. Þegar líður á fyrirlesturinn er áheyrendum gert samspil magns og hraða við peninga ljósara. Blandast þar inn í Google og fleiri leitartól sem telja smelli en hvorki dýpt, lengd, vandvirkni né tíma. „Hröð dreifing á netinu og smelliskapur eru skiljanleg keppikefli í þessum heimi. En þau stuðla ekki að hrifandi og upplýsandi blaðamennsku,“ segir Orchard á 8. mínútu. Þá er ótalið hið lúmska samspil blaðanna við almannatengla, sem vekja athygli á málefnum, laða að og selja, skipuleggja ráðstefnur og slíkt, en eru sjálf eftir allt saman ógagnrýnin á innihald vinnunnar. Að endingu tiltekur Orchard það form sem sífelld færast í aukana, að vélmenni skrifi fréttirnar.

Með fullri virðingu fyrir vélmönnum þá hlýtur eitthvað að vera til í því að þótt vélmenni geti komið á blað flóknum algóritmískum niðurstöðum, þá fara þau tæpast ofan í saumana á nokkru máli eða metur sjónarhornin svo gjörla við djúp, flókin og margþætt blæbrigði veraldar. Að klykkja út með lokaorðum ritstjórans lýsir inngangi þessara skrifa: „*Blaðamenn verðskulda að vera metnir að verkum sínum og verðleikum. Og við hin, við eigum skilið að búa að góðum og vönduðum fjölmiðli*“ (Orchar, 2014).

## 5.2 Sochi verkefnið

Þá er tími á dálitla útvíkkun. *Sochi verkefnið* (Sochiproject, ed) svokallað er dæmi um að ólíkum aðferðum sé beitt til að klára söguna - og jafnvel gera gott betur. Nú eru jafnvel í blaðamennsku og jafnvel í hæggengri slíkr fleiri aðferðir en orðin möguleg til að valda hughrifum, fræða og dýpka. Í huga margra þótti Sochi verkefnið nýjungakennd miðlunarleið hæggengrar blaðamennsku og var samstarfsverkefni hollensks ljósmyndara við blaðamann og kvikmyndagerðarmanns. Þar var ítarlega fylgt eftir myrku sögunni bak við undirbúning Vetrarólympíuleikanna í Sochi árið 2014. Þegar kvittur hafði komist á kreik um eignaupptöku, rudd lönd, svelt og ofbeldi á þeim bjuggu á svæðinu í því augnmiði að ryðja brautina fyrir glamoríska leikana, var ásökunum opinberlega og harðlega mótmælt af rússneskum yfirvöldum. Sochi verkefnið þeirra Hollendinga staðfesti aldeilis söguna sem kvitturinn hafði ýjað að, hvað raunverulega átti sér stað, með þolinmæði, hægð og aðra skinhrífandi eiginleika fjölmiðlunar að vopni.

Sochi verkefnið hófst árið 2009 og því lauk við setningu Vetrarólympíuleikanna þar í borg árið 2014. Rússneska borgin Sochi er staðsett við strendur Svartahafs, í rétt um 20 kílómetra fjarlægð frá Abkasíu og steinsnar í austurátt liggja Kákasusfjöll með dimmum og fátækum stríðandi löndum Norður Ossetíu og Téténíu. Greinargott landakort þeirra kappa með stuttri yfirferð á stöðu þessara litlu landa sem Rússland stríðir við gefur strax áhrifamikla sýn á hvað sé í vændum fyrir innfædda og hvað í gangi er á svæðinu. Jafnvel er gengið svo langt að segja að aldrei sem nú í sögu Ólympíuleikanna hafi hið ríka og glamúrfulla hrópast jafn öskrandi á við fátækt og nauð.

Myndum er óspart beitt, einnig yfir tímabil til að sýna framvinduna, aðgerðir og allsherjarbreytingar á umhverfinu. Þeir fara á forboðin svæði og kanna versnandi aðbúnað íbúa, í þágu hinna stóru hagsmuna og ímyndar Rússlands. Í sem skemmstu máli er stjórnvaldslygi brotin á bak aftur, ofbeldisverk afhjúpuð og andstæður kallaðar fram. Niðurstaðan lætur fáa ósnortna og reitir til umhugsunar.

Þá vekur athygli að í aðdraganda þess að verkefnið er opinberað, er það í erlendum fjölmiðlum oftast en ekki kynnt sem nýjung í aðferðum blaðamennsku, brautryðjendastarf og þegar yfir höfuð er á aðferðina minnst er hún iðulega sögð svokölluð hæggeng blaðamennska og/eða sett í gæsalappir. Slíkt er nýjabrumið, slíkt er upphefðin og slíkt er þeirra auglýsingavægi.

Enda þótt Sochi verkefnið hafi þótt marka þáttaskil og gefið hæggengri blaðamennsku afgerandi viðkynningu, þá hafa annars konar tónar verið slegnir síðan þá. Fréttamaður með orð og stílbrögð að vopni, sem sagði hrífandi sögur og ljósmyndari með, gat af sér drjúga afurð. Að taka sér marga mánuði til að liggja yfir skjölum gagna úr skattaskjólum gaf hæggengri blaðamennsku aftur annað búst.

## 6 Tilvikið hæggeng blaðamennska í Finnlandi

Í ljósi landlægs skorts á nokkrum einustu skrifum um hæggenga blaðamennsku þá verður ekki hjá komist að leita út fyrir landsteina. Þar eð ég kynntist fyrirbærinu í Finnlandi og varð fyrir áhrifum frá þeim lá strax nokkuð beint við að leita þangað í rannsóknarleiðangrinum.

Markmið rannsóknar hlýtur því að vera að skoða fyrirbærið hæggenga blaðamennsku, í Finnlandi. Þeirra Long Play er sérstæður fjölmiðill sem ekki er til hér og gaman væri að fá hugmynd um hvernig slíku tímariti mynda vegna í íslensku umhverfi. Hins vegar hefur hæggeng blaðamennska sem stefna lætt sér inn víða þar úti, hjá rótgrónum sem nýjum fjölmiðlum og því vert að skoða hana í víðara samhengi en út frá Long Play einu saman. Þar kemur sér vel að athuga hvernig hæggengisefni á hefðbundnum fjölmiðlum getur stutt annað efni blaðanna. Finnland hefur ekki farið varhluta af krísunni sem nú svífur yfir og sem að framan hefur verið tæpt á. Skoða skal horfur hæggengrar blaðamennsku með þetta lítillega í huga.

Því varð úr tilviksrannsókn (e. *case study*), stundum kölluð tilfellarannsókn, þar sem hæggeng blaðamennska er tilfellið og Finnland vettvangur athugunar. Aðalathugunartólin eru eigindleg viðtöl. Með slíkum viðtölum við fimm reynslumikla finnska blaðamenn er leitast við að fá einhverja yfirsýn yfir horfur hæggengrar blaðamennsku í harðnandi heimi, möguleika slíkrar blaðamennsku á Íslandi og þá hvaða fyrirkomulag kynni að henta best. Allir blaðamennirnir hafa komið víða við, tveir eru sem stendur í stjórnunarstöðum og með frumkvöðlareynslu að baki og hinir þrír eiga það sameiginlegt að hafa fundið sig best í að skrifa og rannsaka ofan í kjölinn. Öll eiga þau sameiginlegt að hafa byrjað ung í blaðamennsku og öll hafa þau reynt fyrir sér á fleiri en einum fjölmiðli. Þýðið nær því yfir ágæta breidd, fá viðtöl en vídtæk reynsla og einhver viðkoma á flest þau svið og þá vettvanga þar sem hæggeng blaðamennska er á borðum. Vonast er til að ná einhverjum rauðum þræði í gegnum sérstæðurnar.

### 6.1 Eigindleg rannsóknaraðferð

Hughyggja (e. *idealism*) er heimspekistefna sem fór að sækja í sig veðrið í evrópskri hugmyndasögu uppúr 18. öld, að hluta til sem mótvægi við efnishyggju (e. *materialism*). Hughyggjan leggur í grófum dráttum upp úr skynjun og vitund fyrir heiminum. Í raun sé okkar eigin vitund það eina sem hvert okkar getur gengið að vísu, eini aðgangur okkar að heiminum og þannig eigum við að takast á við tilvistina í víðfeðmi sínu. Efnishyggjan byggir á hinn bóginn

á því að það sem skellur á okkur í formi skynjunar eigi sér efnislegar frumorsakir og að þangað eigum við að kafa (Skirbekk og Gilje, 1999, bls. 342-348). Allt sprettur þetta úr ranni ágreinings um raunhyggju og rökhyggju og á hugmyndafræðilegum átökum sem þessum byggja ólíkar nálganir í vísindum, ekki síst í félagsvísindum. Munur eigindlegra rannsókna við meginlegar dregur einmitt dóm af þessu. Fyrirbærafræðin (e. *phenomenology*) svokallaða mótaðist út frá hughyggjunni, einkum um miðja 20. öld meðan efnishyggjan hefur tekið á sig myndir áþreifanlegra mælinga. Í félagsvísindum er fyrirbærafræðin ef til vill nærtækust og henni gerð skil í formi eigindlegra mælinga, ekki síst tilviksrannsókna, því þær þrífast á þeirri sýn að sannindi séu ófanganleg nema gengum huglægar niðurstöður og í gegnum fyrstu persónu (Björn Þorsteinsson, 2008, 26. febrúar).

Eigindlegar rannsóknir byggja þannig á frásagnarformi frekar en mælingum. Rannsakandi leitast við að öðlast innsýn og dýpri skilning á málefnum sem rannsakað er og rannsakendur reyna að lýsa veruleika viðmælenda frekar en leggja mat á hann (Yin, 2009, bls. 17-19). Fjöldi þátttakenda er stóra áhersluatriðið við undirbúning eigindlegrar rannsóknar, eða oftast öllu heldur fæð þeirra, öllu skiptir að handvelja af kostgæfni frekar en að leitast við að fá sem flesta til liðs. Í ljósi þess að leitast er eftir dýpt, auknum skilningi og þræði geta of margir viðmælendur staðið rannsókn fyrir þrifum (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

Þannig er gengið út frá geðfelldri forsendu í flestum eigindlegum rannsóknum: Þekking er sameiginlegur skilningur frekar en algildur. Skilningurinn þróast og drýgist í samskiptum rannsakanda og þátttakanda (Helga Jónsdóttir, 2013). Að miðla því hvernig viðtökur við hægeldaðri blaðamennskuafurð eru alla jafna í Finnlandi, er að gefa aðgang að afmarkaðri þekkingu. Að miðla reynslu sem blaðamaður af því hvort viðtökurnar séu stöðugar eða mjög misjafnar, eða það hvort reynist auðveldara eða erfiðlega eða sveiflótt ár frá ári að vinna að hægelduðum blaðamennskuafurðum er ennþæmi miðlun upplýsinga, það hvernig efni hafa valdið mestum áhrifum er svo að glæða þennan efnivið frekari dýpt. Þetta þýðir þó ekki að svona miðlun hafi alháringargildi eða hún sé tímalaus. Skynjun á raunveruleikanum byggist á síbreytilegri túlkun. Forsendur hennar eru ekki bara hin sögðu orð heldur og hverful atriði svo sem menning, siðir, reynsla og þar frameftir götum (Helga Jónsdóttir, 2013). Athugun reynir með öðrum orðum á og miðar að færni til að setja í samhengi á grundvelli alls þess sem rekið hefur á fjörur lífsins, í anda hughyggju og fyrirbærafræði.

Eigindleg rannsókn er sem sagt skapandi og sívirk, byggir á dýpt frekar en alhæfingu og hún reynir á dómgreind við val spurninga, eftirfylgni og ekki síst úrvinnslu. Gagnstætt meginlegum rannsóknum, sem byggjast á mælingum, stöðluðum athugunum og tölfræðilegri úrvinnslu, byggja eigindlegar rannsóknir á því að mælanlegar niðurstöður sem sannleikur eða lífsins niðurstaða, sé blekking, til þess fallin að vanrækja blæbrigði mannlegs tilvistargrundvallar (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013).

## 6.2 Val á viðmælendum

Val á úrtakinu veltur á huglægri ákvarðanatöku og endurspeglar grunnþekkingu eða þær hugmyndir sem rannsakandi gerir sér fyrirfram um fyrirbærið (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 129). Þar sem ég vildi skoða hæggenga blaðamennsku í sínu fjölbreytilegasta sem og vænlegasta umhverfi þar úti taldi ég ekki nægjanlegt að velja í rannsóknina fólk sem unnið hafði við hæggenga blaðamennsku. Það varð einnig að geta miðlað reynslu af ólíkum áherslum í heimi fréttu, hefði reynt á eigin skinni samanburð hins hæga við hraðann, drýgð við skjótfengi. Vegna sérstöðu sinnar og þess hve lítið hefur reynt á reksturinn skipti einnig máli að fá sjónarmið þeirra sem þurfa að halda fjölmiðlinum gangandi. Fjöldi þátttakenda var ekki valinn fyrirfram í þessu tilfelli heldur eftir því sem málum vatt fram og því um tilgangsurttak (e. *purposive sampling*) að ræða, stundum kallað markmiðsurttak (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

Þá er stundum sagt að ekki nægi að velja bara fólk hefur reynslu og þekkingu á viðfangsefninu heldur þurfi einnig viðmælendur sem séu frásagnar hæfir, gefandi og tilbúnir að fara djúpt ofan í saumana á viðfangsefninu. Þetta er svolítið villandi sýn, getur verið einstrengingsleg, jafnvel valdið úrvals skekkju (e. *elite bias*). Þeir viðmælendur sem ekki er auðvelt að fá til að opna sig geta þvert á móti gefið góða hugmynd um viðfangsefnið, til að mynda hve ómótað það er. Þá getur óframfærni viðmælenda einmitt gefið vísbendingu um að ef til vill hafi raddir verið hunsaðar og þær vanræktar (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

Í mínu tilfelli er varla nokkru slíku að dreifa. Sem þrautreyndir blaðamenn hafa viðmælendur allir meiri þjálfun en ég í að kafa ofan í saumana og eru vanir því að gefa af sér, ígrunda og koma því frá sér. Því var ekki skorti á vilja til að opna sig til að dreifa. Liggur frekar við að segja að þýðið sé of mikil fyrirmyndarviðmiðun fyrir góða viðmælendur, leikurinn sé of léttur. Á hitt ber þó að líta, að þegar við kynnum okkur viðmiðanir um forsendur fyrir vali á

viðmælendum í eigindlegar rannsóknir, er stundum engu líkara en gert sé ráð fyrir að mikið þurfi að velja og hafna. Eins og vandamálið sé mun frekar það að milli of margra viðmælenda þurfi að velja. Því var aldeilis ekki svo í þessu tilfalli. Fáar hræður hafa almennilega reynslu af blaðamennsku hæga og djúpa taktarins og enda þótt mínir viðmælendur væru opnir og glaðbeittir var hreint ekki fyrirfram gefið að nógu margir fengjust til þátttöku, eins og dæmin sýndu. Í aðdraganda rannsóknar þurfti aðstoð innfæddis til að telja fólk á að svara spurningum og vera til taks. Nokkrar fortölur þurfti að beita. Long Play var sá vettvangur sem ég óskaði helst eftir fleiri sjónarmiðum og dýpt, en þar var mesta tregðan.. Lendingin var fimm viðtöl, við þrjár konur og tvo karla. Vegna víðfeðmi rannsóknartilviks, hefði verið óskandi að fá einn í viðbót, þá frá Long Play.

Rætt var við, í upphaflegri atvikaröð:

- Blaðakonu hjá vikublaðinu Suomen Kuvalehti. Hún fæst stöku sinnum við verkefni í lausamennsku (freelance) fyrir meðal annars Long Play. Hefur hún einnig starfað hjá Helsingin Sanomat og á nokkrum héraðsblöðum, stúdentablaði og hjá Yle, RÚV þeirra Finna. Nú skrifar hún langar fréttir fyrir vikublaðið. Hún er rétt um þrítugt.
- Stofnanda og núverandi ritstýru Long Play. Upphaflegur bakgrunnur hennar er úr hröðu fréttunum, fyrst frá STT (Oy Suomen Tietotoimisto), sem er með elstu fréttamiðlum veraldar (stofnað 1887). Þaðan fór hún á veraldarflakk, vinnandi í lausamennsku og skrifandi bækur og starfaði meðal annars í Portugal. Hún er á fertugsaldri.
- Framkvæmdastjóra Lännen Media, fjölmiðlakjarna sem rekur héraðs- og bæjarfréttablöð sem og ýmis þematengd fréttablöð. Hefur hann áður starfað sem fréttastjóri hjá Aamulehti, verið fjölmiðlafulltrúi í Rússlandi, ritstjóri í Laplandi og fleira. Hann er rétt um hálf fimmtugt.
- Blaðamaður sem einkum skrifar fyrir Aamulehti, en kemur víða við á kjarnanum Lännen Media. Hann er núverandi fréttastjóri viðskiptafrétta Lännen Media en hefur áður fengist við erlend stjórnsmál og tæknimál. Hann er rúmlega fertugur.
- Yfirframleiðandi fréttu fyrir Lännen Media og þaulreynd blaðakona. Hennar bakgrunnur kemur að mestu úr smærri héraðsfréttablöðum vítt og breitt um land sem og háskólablöðum. Hún hóf ferilinn sem fréttamaður, svo blaðamaður pólitískra innan- og utanríkismála, var þá fréttastjóri nokkurra héraðsblaða og fékk síðan starf yfirmanns skapandi fréttu (e. *feature journalism*) hjá Lännen Media. Hún er rúmlega fertug.

Aldursbil þátttakenda er sem sjá má ekki mikið. Yngsta er þrítug og elsti á 45. ári. Það getur bent til þess að hægging blaðamennska snerti einkum yngri kynslóð en þó ekki þá alyngstu



blaðamanna. Án þess að aldur viðmælenda hafi nokkru skipt við valið var leitast eftir að heyra viðhorf þeirra til kynslóðaskipta og samband við eldri og reyndari blaðamenn. Niðurstöður voru á svipaðan veginn um að lítið beri á kynslóðarárekstrum, þvert á móti.

### 6.3 Tilviksrannsókn, framkvæmd

Tilvikarannsóknnum til grundvallar liggur sú hugsun að það sé ekki endilega meðaltal tilfella sem sé best til þess fallið að dýpka skilning okkar, heldur ekki síður hið sérstæða og óvenjulega (Rúnar Helgi Andrason og Ársæll Már Arnarsson, 2013). Tilviksrannsókn er í raun það að skilja afmarkaða tilveru út frá sjónarhóli eins einstaklings hverju sinni. Byggir forsendan eins og gefur að skilja á grunni hins eigindlega. Með því að fá fram sjónarhorn einstaklings í sínu lagi má þegar vel tekst ná einhverri stærri sýn, einhver afstaða kann að styrkjast í sessi, einhver rauður þráður að myndast. „*Rannsóknir á reynsluheimi fólks snúast um að skilja reynslu þátttakenda frá þeirra eigin sjónarhóli og laða þannig fram sammannlega reynslu.*“ (Helga Jónsdóttir, 2013). Þetta hygg ég að sé í hnotskurn markmiðið, laða fram reynslu að læra af og útfæra yfir landsteina, frá því frekar fámenna samfélagi sem Finnland er, yfir í það enn minna land sem þessi ritsmíð talar til.

#### 6.3.1 Forsendur framkvæmdar

Tilviksrannsóknir geta verið hvort heldur lýsandi (e. *descriptive*) eða skýrandi (e. *explanatory*) og sé um síðara tilfelli að ræða er leitast við að finna orsakasamband í rannsökuðu tilfelli. Þá eru þær aftursæjar (e. *retrospective*) eða framsæjar (e. *explanatory*), eftir því hvort tilfelli er valið á grundvelli fyrri gagna eða þess sem kemur úr krafsinu út frá forgefnum greiningarmerkjum (Rúnar Helgi Andrason og Ársæll Már Arnarsson, 2013). Markmið var að varpa ljósi á lítt þekkt fyrirbæri og leitast við að máta og setja í samhengi mun frekar en leita orsakasamhengis, svo athugunin var lýsandi. Ekki er unnt að byggja á neinum forgefnum heimildum í þessu tilfelli og því um framsæja athugun að ræða. Í ljósi þess að rannsóknaraðferðin byggist á huglægni og krefst sveigjanleika, því að vera spyrjandi og leitandi að kjarna í samtölum er við hæfi að hafa spurningar opnar. Í því felst að spyrja út í leiðir og reynslu frekar en niðurstöðu, óska lýsingar frekar en staðlaðra svara. Þá er nær að tala um „könnunarleiðangur“ og beita hæverskari hugtökum þekkingaröflunarinnar, svo sem leit, þreifingar og athugun frekar en rannsóknir og mælingar (Creswell, 2014; Yin, 2014).

Úrtakið var því fólk í svipuðum veruleika en með víðtækan bakgrunn, sem starfar þó í nokkuð ólíku umhverfi en fæst á einn eða annan hátt við sama viðfangsefnið, misjafnt þó hve

mikið vettvangurinn blandast öðrum verkefnum. Með þessu má nýta hið sértæka hjá hverjum og einum til að dýpka skilning á því sem sameinar. Í þessu skipta lýðfræðilegir þættir, svo sem aldur, kyn og búseta, litlu sem engu máli, ólíkt meginlægum rannsóknum (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 132), en eins og áður hefur komið fram er viss drýgð í því að viðmælendur virðist tilheyra svipaðri kynslóð og bera keim af því.

Framkvæmd könnunarleiðangursins hófst í febrúar 2018 með tveimur viðtölum á vettvangi, er ég náði að gera mér stutta ferð til Finnlands. Fyrirvarinn að ferðinni var sáralítill og nokkuð blint í sjóinn vaðið. Með aðstoð kunningsskapar komst ég í kynni við tvo opinskáa viðmælendur, sem strax tóku vel í viðtal. Hvort viðtal tók tæpan 1.5 tíma og var tekið upp á stafrænan diktafón. Þriðji viðmælandi bættist við skömmu síðar, en tekið skal fram að hann er kunninginn sem aðstoðaði mig við hina tvo fyrri viðmælendur, honum kynntist ég á skiptinámsárinu mínu er ég vann fyrir hann rannsóknarverkefni. Nokkuð meiri tætingur var á því viðtali. Það hófst í návígi í Finnlandi en því lauk gegnum netið er ég var aftur heim snúin. Tveir síðustu viðmælendur fengust til viðtals einnig með hjálp þessa sama þriðja viðmælanda. Ég hafði leitast eftir að komast í kynni við fleiri frá Long Play en enginn reyndist til taks. Sakir þessa og takmarkaðra kynna minna af finnsku fjölmiðlafólki var ég nokkuð upp á félagann umrædda komin. Hann reyndist haukur í horni og sannfærði tvo aðra, sem stóðu fyrir hæfilega breidd í úrtaki, um þátttöku.

Allir viðmælendur fengu fyrst sömu 19 spurningarnar og út frá þeim var unnið, einkum með hliðsjón af svörum fyrstu þriggja, enda náðist meira návígi við þau en þau tvö síðustu. Ætíð var rætt við einn í einu, aldrei fleiri saman. Við alla var haft samband oftár en einu sinni, erindin voru þó mislög og misformleg. Fyrsta viðtal var tekið í lok febrúar 2018 og síðasta eftirfylgni var í maíbyrjun sama ár.

### **6.3.2 Spánn undir sömu smásjá**

Tilviksrannsókn hefur verið gerð um hæggena blaðamennsku á Spáni, að öðru leyti er tæpast nokkurri fyrirmynd rannsóknar að dreifa. Þar vekur athygli að engin eiginleg rannsóknarspurning er orðuð og ekki er leitast við að svara neinum grundvallarspurningum, öðrum en markmiðinu að varpa ljósi á stöðuna í hinni spænskumælandi veröld. Ásýnd markaðarins er lýst, farið nokkuð ofan í saumana á sögulegum bakgrunni, hvernig hinn spænskumælandi heimur tengist heimsálfa á milli og er þetta gert í því augnmiði að gera skil

blómgandi skilyrðum hæggengrar blaðamennsku annars staðar en út frá engilsaxneska risanum.

Í þeirri lesningu kemur fram sá grundvöllur, að athugun á auknum hraða með gagnvirkninni hefur verið vanræktur. Þessu hafi fylgt einkennið „McJournalism“. Enskumælandi heimurinn hefur þó náð að streitast nokkuð gegn því en fáir vita að hið sama gildi um hinn spænskumælandi (Barranquero Carretero og Jurrieta Barriain, 2016). Nokkur hliðsjón er höfð af þessari athugun. Þó ber þess að gæta að sú athugun er mikið teflt fram sem mótvægi við engilsaxneska heiminn. Rísi í málsvæði á móti öðrum rísa, enn er óplægður sá akur sem lýtur að smáa málsvæðinu. Í viðtölunum bar smæðin gjarnan á góma.

#### **6.4 Kostir, takmarkanir og fyrirvarar**

Tilviksrannsókn þolir það að afar fáir viðmælendur komi að, svo lengi sem þeir eru til taks til frekari spurninga og viðtals eftir fyrsta kast. Í raun mætti taka viðtal við bara einn, að gefnum þessum aðalforsendum. Það hefði mér ekki þótt duga til að ná þræði um hæggenga blaðamennsku í Finnlandi, heilt land er undir og umhverfið sem viðfangsefnið nær til er ekki einsleitt. Markmið athugunar á hæggengri blaðamennsku í Finnlandi hlýtur að snúast um að ná nægri dýpt til að skilja hvernig hún þrífst og hvaða eiginleika þurfi til að gangi að reka hana og jafnframt yfirgripsskilningi á fyrirbærinu. Viðmælendur eru vel valdir með það í huga.

*Holistic fallace* mætti þýða sem heildarskekkju. Hún á við þegar rannsakandi dregur heildræna ályktun út frá ófullnægjandi forsendum, þegar fyllri mynd vantar (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Það hefur verið aðaláhbyggjuefnið mitt við framkvæmd rannsókna, ekki síst í ljósi losarabragisins og ekki alveg þess aðgengileika sem ég upphaflega gekk út frá.

Almennt gildir við framkvæmd eigindlegra rannsókna að nándin geti verið mikil. Það getur þýtt að viðmælandi sé í viðkvæmri stöðu, varnarlítill og vitaskuld möguleiki að hann sé að gefa trúnaðarupplýsingar. Rannsakandi kann því oft að mæta siðferðilegum áskorunum við framkvæmdina og þannig er virðing fyrir viðmælanda algert grundvallaratriði. Ekki er heldur óþekkt klemma í rannsóknum þar sem djúpvíðtöl eru tekin að efniviðurinn valdi tilfinningalegu róti (Sigurður Kristinsson, 2013). Mín athugun mætti ekki slíkum áskorunum. Tilvikið sem hér er til umræðu er háleitt og uppheljandi, ekki viðkvæmt og meðferðarmiðað, varðar ekki félagsleg vandamál, tilraunaúrræði, minnihlutahópa, heilsufarsvandamál eða nokkuð slíkt og er ekki tilraun sem leynd hvílir yfir. Ekkert sem fram kom í samskiptunum er sérstakt trúnaðarmál og engir rannsóknarhagsmunir í húfi að séð verði. Þá eru viðmælendur ekki

viðkvæmir og berskjaldaðir. Þvert á móti, allir með tölu virtust stoltir og sjálfsöruggir, blygðuðust sín ekki beint fyrir að leggja stund á hæggenga blaðamennsku. Í raun var ég að rannsaka „upp yfir mig“. Siðferðilegar áskoranir voru því engar að heitið geti, umfram grundvallarreglur akademískra vinnubragða, siðareglur blaðamanna og önnur siðferðileg gildi sem alltaf þarf að hafa í heiði, svo sem að fara rétt með, bera sig ekki að á neinn vanvirðandi hátt og svo framvegis.

Í ákveðnu samhengi er talað um nálægðarvanda blaðamanna, sem er sérlega mikill hér á landi, samfélagið er lítið og smátt og „*allir helstu leikendur á fjölmiðlamarkaði, blaðamenn og viðmælendur, kynnast fljótt*“ (Björn Þorláksson, 2015, bls. 103), þar sem er nánast „*pólitískur ómöguleiki*“ að fjalla um mál nággranna án félagslegra vandkvæða, að vera bæði gagnrýninn blaðamaður en líka sæmilega þokkaður nággranni (sama heimild, sama blaðsíða). Nú er hins vegar hið öndverða uppi, það mætti kalla fjarlægðarvanda að viðföngin voru öll í öðru landi og að ég þurfti að einhverju leyti að reiða mig á aðstoð innfædds manns. Kannski flækir það enn málin að hann var jafnframt þátttakandi í rannsókn og sá eini af viðmælendum sem var mér áður kunnugur auk þess að hafa einhver áhrif á að viðmælendur fengust til að ræða við mig. Það kann að teljast til fyrirvara og úrtaksskekkju.

Á það ber hins vegar að líta að úr fáu hefur verið að móða og hann hafði yfirsýn yfir flesta í bransanum. Erfitt er að sjá að hann hafi haft nokkra hagsmuni af því að einn yrði valinn umfram annan. Til að mynda benti hann bæði á ritstýru Long Play sem og blaðakonu Suomen Kuvalehti, hvorugar tengjast hans starfi nokkuð, og á sama tíma spurði hann nokkra sinna samstarfsmanna eða undirmanna, hvar tveir þátttakendur fengust.

Líklega er nær að taka með í reikninginn sem mögulegan skekkjubátt, að þeir sem fengjust til þátttöku voru þau sem sáu sér það fært. Blaðamenn eru gjarnan upptekið fólk og það að vera viðfang í þessu samhengi kann því heldur að vera spurning um að gefa sér tíma, nenna og hafa áhuga frekar en að treysta sér til eða fást til að opna sig. Ekki var unnt að boða viðmælendur á formlegan fund til eftirfylgdar og ekki var hlaupið að því að fá frá þeim góð svör sem ég hafði við að bæta, sakir minnar fjarlægðar og þeirra upptektar. Samskiptin einkenndust því af einum fundi fyrst, síðan svöruðu þau spurningum sem brunnu á og sendu rafrænt. Spurningar sem vöknudu kostuðu oftast póst og hnitmiðuð svör, ekki samtal sem hefði getað dýpkað og drýgt eða komið með önnur sjónarhorn.

## 6.5 Úrvinnsla

Það kom mér svolítið í opna skjöldu að Long Play starfsmenn aðrir en ritstýran hunsuðu beiðni um þátttöku, eftir að ég hafði í upphafi fengið talsverð góð fyrirheit um annað. Trúi ég því að eitthvað sé við sjálfa mig að saka og mína ómótuðu og nálgun. Sennilega tiltók ég ekki nógu skýrt hvernig til stæði að fara með gögn og afurðir viðtals. Ýmsa svona varfærnislega fyrirvara hefði sjálfsagt verið gáfulegra að hafa í stað þess að trúa því að gott viðtal við eina úr þeirra ranni mynda leiða annað af sér. Góður blaðamaður hlýtur jú að taka flestu með fyrirvara, kæruleysisleg nálgun að þeim er sennilega ekki of góðs viti.

Við tvö fyrstu viðtölin komu fram nokkrir punktar sem ég reyndi að fylgja eftir í næstu viðtölum. Það vakti athygli hve sannlega ósnortnar þær og reksturinn voru af birtingartímanum, virtist í raun sem eina aðhaldið væri tilfinning fyrir hvenær rétt væri að klára málið og láta vaða. Kom fram dæmi um efni sem birst hafði á hárréttum tíma, leiddi enda af sér þrýsting um annars vegar betrun hjá lögregluembættinu og hins vegar til bættra félagslegra umbóta hjá fólki með sérstæða geðræna kvilla. Einnig komu dæmi um eftirsjá eftir að hafa verið örlítið of sein til, það bjargaði ekki málum eða ástandi sem hefði getað bjargað að vera fyrri til með, enda um að ræða brot á réttindum aðkomufólks í báðum tilfellum. Aukheldur komust þær á flug varðandi muninn á því að skrifa fréttir og segja sögur og báðir starfsmenn Lannen Media tóku í svipaðan streng. Því fylgir alltaf áskorun að halda þræði, segja frá því sem máli skipti og halda athygli lesanda, minna lesendur á nærveru sína og eftirfylgni án þess að setja sjálfan sig í söguna. Það sem alltaf þyrfti að gæta sín á væri hins vegar að skálda ekki hið minnsta í eyðurnar. Þannig eiga frásagnarblaðamennska og hæggeng blaðamennska í spennuþrungnu sambandi hvor við aðra, ekki kærleiksríku, ólíkt því sem ég sá fyrst fyrir mér. Það er viss kjarnaniðurstaða, einkenni frásagnarblaðamennsku eru skáldaleyfi sem allir viðmælenda sögðu að væri ekki ásættanleg. „Hæggeng blaðamennska snýst ekki um efniviðinn heldur aðferðina við skrifin,“ sagði svo einn.

Þá eru viðbrögð almennings við skrifunum merkilega mikið aukaatriði í hugum hins almenna blaðafólks, jafnvel eins og það gangi saman við hugmyndina um hæggengið, að vera lítt snortin af viðbrögðum. „Það gengur gegn því sem ég er að gera að vilja að aðrir bregðist sérstaklega við því,“ svaraði blaðakona Suomen Kuvalehti.

Losarabragurinn og fjarlægð mín við viðmælendur gerði hins vegar eftirfylgd með „stuðpunktum“ sem fram komu erfiðari en ég hugði í fyrstu. Þótt einhverjar hugmyndir og

Þráð hafi tekist að ná af stöðu mála og kunna niðurstöður frekar að vera undirbyggjandi fyrir áframhaldandi athuganir frekar en endilega mjög afhjúpandi. Þannig voru til dæmis einhverjar vísbendingar um að ríkisfjölmiðill þeirra, YLE, væri á nálægum suðupunkti við þá sem legðu rækt við vandaða fréttáfurð, framlögin sem þau fá en nýta ekki nógu vel, hér hefði verið hægt að grípa á lofti og skoða stöðu fjölmiðlanna í öðru samhengi. En ekki gafst tóm til að vinna frekar með það.

## 7 Niðurstöður

Tilgangur þessarar rannsóknar var að varpa einhverju ljósi á möguleika og kúnstir hæggengrar blaðamennsku í smáu samfélagi. Bæði var leitast við að skoða hvernig gengi að reka sérstæðan fjölmiðil sem eingöngu vinnur eftir þessari stefnu en sömuleiðis var samspil hægrar og hraðrar blaðamennsku athugað á þeim miðlum sem bjóða upp á hvort tveggja. Reynt er út frá þessu að leggja mat á horfur stefnunnar í þrengra sem víðara samhengi.

### 7.1 Ásýnd Long Play

Long Play sem slíkt hefur óvíða verið kynnt til sögunnar utan finnsks samfélags. Þar sem ég missti svolítið tókin í sambandi við þau og samskiptin fjarlægðust í stað hins gagnstæða er miðillinn nokkuð óplægður akur enn. Hér er sóknartækifæri til frekari athugunar, skyldi Long Play halda uppi veg og virðingu hæggengrar blaðamennsku í Finnlandi, jafnvel víðar? Er þeirra rekstrarform vænlegt til frekari árangurs, meira efnis, frekari fyrirmyndar? Ritstýran tjáði mér að næstfjöldmennasti áskriftarhópurinn á eftir Helsinkibúum væru Finnar búsettir erlendis. Það var áhugavert en ekki skýr skýring til á því, bara kenning um að þeir sem erlendis eru eigi þarna kost á aðgengilegum miðli sem á hóflegan hátt heldur þeim við efnið. Enda er efniviðurinn hjá þeim sem langoftast í öðrum tilfellum iðulega mjög innanlandsmiðaður og það kann vel að útskýra góðar viðtökur, hæggengisefnin fjalla mikið um innalandsmál sem aðrir miðlar veraldar hafa ekki burði til að sinna í nándar nærri sama mæli. Með því að vera með stjórnarformann sem sér um viðkynningu og áskriftarmál segir framkvæmdastýran að á næsta ári náist tíu þúsund áskrifendur (í 5.4 milljón manna landinu), um sex árum frá stofnun, og þar með verði blaðið sjálfbært.

„Blaðafni dýptarinnar virðist vera stækkandi geiri og meiri eftirspurn. Ég get hins vegar bara vonað að fólk verði áfram tilbúið til að borga fyrir slíkt efni,“ segir Lannen Media starfsmaður aðspurður um horfurnar aðrir inntir eftir því sama voru meira og minna á þann sama veg, upplifunin sú að viðtökur séu iðulega góðar, að fá vandað efni í hendur er alltaf kærkomið, en óljóst með viljann til að borga fyrir, nú þegar aðgengið er meira og minna að færast á netið. Þannig sömuleiðis lýsir stjórnendauga annars viðmælanda því sem hann sér sem lógík hagfræðinnar, að þegar úr minna er að móða, þá muni hið hraða og staðbundna ávallt vera í forgangi, hið vandaðra og hæga og það sem síðar kemur, muni gefa eftir. Þetta eigi ekki síður við nú þegar dagblöðin eru ekki lengur dagblöð heldur sólarhringsvaktir af streymi fréttu, sem aftur samanstendur af fækkandi starfsfólki. „*Efnahagsleg staða fjölmiðla í*

*dag er óvinur hæggenrar blaðamennsku,*“ segir hann og bætir við að þetta sé viðhorfsbreyting frá því fyrir nokkrum árum er hann lýsti því yfir opinberlega að hæggenr blaðamennska væri í örum vexti. Taka skal þó fram að ekki deila allir þessari sömu sýn, aðrir horfa mikið til eftirspurnar og vilja og þess að stafræna veröldin feli í sér sóknartækifæri.

Þá var stutt í meðvitundina um að Long Play gefur aðeins út eina sögu í mánuði. Aukheldur, þegar plægt er í gegnum hliðargögn með tölfræði og skýrslu um stöðu fjölmiðla í Finnlandi, þá er Long Play hvergi getið, eru þeir þó 496 fjölmiðlarnir í úrtaki á vegum Finnish Periodical Publishers Association, FPPA eða Aikakausmedia eins og hún útleiggst þar. Ef marka má fulltrúa Long Play í þessari athugun þá er fjarveran meðvituð ákvörðun. Ritstýran kemur úr aktivísku umhverfi og lýsti tímaritinu sem nýsköpunarfyrirbæri, úr start-up menningunni sem mótvægi við hið rótgróna og stóra. Þau syndi gegn samsteypunni og meginstraumnum.

## **7.2 Samspil við aðra miðla**

Á ákveðnum tímapunkti þótt mér ástæða til að spyrja út í viðhorfið til ríkisfjölmiðilsins þeirra, YLE. Þeirra hlutverk er skilgreint á töluvert svipaðan hátt og RÚV á Íslandi og stutt er í kergjuna, þeir ynnu ekki eins mikið með öðrum fjölmiðlum eða nýtti sína yfirburðastöðu að aðgengi til að fylgja eftir afhjúpun og birtingu eins og þeim er ætlað að gera sem menningar- og upplýsingarmiðlun á vegum hins opinbera.

Þegar eigin starfsvið viðmælenda bar á góma var vinnan alltaf í meðvituðu návígi við daglegt amstur fréttablaðanna og þeim sem vinna í návígi við hraðann fannst einmitt það umhverfi varpaði raunsærri sýn á framtíð og stöðu hæggenrar blaðamennsku, jafnt sem framtíð fjölmiðla sjálfra. Þar greinir þó viðmælendur á um horfur vandaðrar, djúprar og hæggenrar blaðamennsku sem slíkrar. Enginn var tilbúinn til að afskrifa frekari sóknartækifæri í þágu dýptar og hæggenri með stafræna heiminum þótt eitthvað bæri á efasemdum.

## **7.3 Framtíð hæggenrar blaðamennsku í Finnlandi**

Þegar ég reyndi aðeins að höggva eftir því hvernig viðmælendur sæju sig í sögulegu samhengi þá nefndu þeir sérstaklega hve hefðin fyrir áskriftarblöðum, pappírsmiðlum með morgunkaffinu og með kvöldkaffinu, væri sterk í Finnlandi. Sem land milli tveggja menningarheima væru þeir í raun með sérstöðu á þessu sviði, blöðin voru borin í hús í stað þess að þau þyrftu að arka í næstu hverfisbúð að kaupa nýjasta eintak eins og austrið. Þess má



í hjáhlaupum geta að Svíþjóð, hitt návígislandið bæði landfræðilega og sögulega, er upphafsland Metro blaðanna, fríblaðanna sem fólk greip með sér í lestirnar og á leið í vinnuna. Virðist Finnland lítt hafa orðið fyrir þeim áhrifum, að minnsta kosti bárust fríblöð aldrei í tal þótt nokkuð væri enn af prentuðum eintökum. Í Finnlandi var þvert á móti talið sjálfsagt að allir væru í áskrift að minnsta kosti einu reglulegu fréttablaði enda landið á vissum stjórnámálalegum jaðri austurs og vesturs. Þá kom það upp að þessi vitund væri ekki dauð úr öllum æðum, enþá alla vega lifðu prentmiðlar betra lífi en víða annars staðar, þótt upp á síðkastið hafi þau verið á hröðu undanhaldi.

Árið 2014 var framkvæmdastjóri Lännen Media bjartsýnn í fjölmiðlum og lét hafa eftir sér að hæggeng blaðamennska dreifði sér hratt. Hann var inntur eftir þeim orðum í þessari rannsókn og viðurkenndi þá að hann væri ekki eins bjartsýnn á stöðu hæggengrar blaðamennsku sem hann var þá. Viðskiptamódel fjölmiðlareksturs helst að við upphaflega hlutverkið sem því er ætlað skilgreiningu samkvæmt, að vera „nýjungar“, nýjar (news). Á finnsku eru fréttir uutiset, sem útleggst á sama hátt og í enskunni, það sem er nýtt. Þessari hugsun hafa forsvarsmenn hæggengrar blaðamennsku reynt að ögra og sporna gegn, sem ljóst er að hefur tekist að einhverju leyti, allir eru sammála um það, en hvort tekist hafi að hefja til sama vegs og í upphafi var vænst, er önnur saga. Enn önnur saga er á hvorn veginn mál þróast frekar, það þykir mér töluvert óskrifað blað enþá. Hér má grípa rannsókn á lofti.

Gefur auga leið að fjölmiðill sem gengur út á að birta eina sögu í mánuði mun ekki halda uppi nafni hæggengrar blaðamennsku um ókomin ár. Spurning er þó hvort að sönnu góð afspurn af þeim styrki þau í sessi og gefi frekari kost á meira efni og tíðara, gefi blöðunum í heild slíka innspýtingu. Þá upplifa allir sem starfa við hæggenga blaðamennsku að þeirra störf séu vel metin og þyki kærkomin. Einnig vill meiri hlutinn meina að yngri kynslóðir lesi sífellt meira þótt það sé á hinu stafræna formi og ekki prentmiðlum.

## 8 Að endingu

Í upphafi athugunar reiknaði ég með að samræður myndu fljótt snúast um það hvernig hæggengið og dýpt hefði snúið á krísuna sem nú herjar á fjölmiðlamarkaðinn, í Finnlandi sem annars staðar. Satt að segja kom flatt upp á mig að hæggeng blaðamennska virðist ekki standa eins föstum fótum og bjartsýnistónninn gaf upphaflega til kynna, frá því er ég kynntist fyrirbærinu fyrst fyrir nokkrum árum. Í raun velti ég því ekki svo fyrir mér að Long Play byggir á einni sögu í mánuði, einhvern veginn virtist mér tímaritið í snarpari tengslum við alla iðuna. Framkvæmdastjóri Lännen Media hafði áður lýst því yfir opinberlega að hann teldi hæggenga blaðamennsku vera í hröðum vexti en í dag væri hann síður bjartsýnn. Útskýring og ástæður viðhorfsbreytingarinnar ganga í rökréttu samræmi við undanhald áskriftar- og prentaðra tímarita, allt annað en „það nýja“ fer fyrst.

Á hinn bóginn hygg ég að staðan sé ekki eins svört og sá sem stýri hinni stærri einingu vilji vera láta. Að minnsta kosti þau sem vinna við hægð og dýpt í heimi fjölmiðla virðast ekki þrjóta verkefnin, markaðurinn er ekki farinn að spýta þeim út úr sér sem þegar hafa skapað sér sess í þessari veröld. Þá er sérstæðinu ennþá vel tekið, þótt enn eigi eftir að koma í ljós hvort fólk fáiist svo glatt til að borga fyrir það. Hér má taka upp þráðinn, skyldi fólk áfram vera tilbúið til að borga fyrir góð efni, styðja lúxusendann?

Þá má telja ljóst að hæggengisefni í Finnlandi eru frekar tíð heilt yfir, fréttablað hér og fréttablað þar birtir slíkt endrum og eins og þau sem við það vinna finna fyrir þörfinni. Verkefnastýra Lännen Media með sína löngu reynslu af bæjar- og héraðsblöðum kvaðst mikið hafa upplifað leiðréttingar og óvægnar athugasemdir frá lesendum ef ekki var nógu vel vandað til verka. Eins er starf þeirra oft undirbyggt með hröðu fréttunum. Þá kom fram sem stef í samræðum og er sem læðst hafi inn í vitund finnskrar alþýðu, að fréttablöðin stæðu höllum fæti í öllum samanburði ef þeir byðu ekki upp á alla vega eitthvert djúpt efni ritað í hægum takti, að minnsta kosti stöku sinnum. Að hæggeng blaðamennska sé enn kærkomin er góðs viti, að starfsfólkið finni það og finnist ekki bundin eða undir hraðsoðningarpessu bendir til þess að ennþá lifi bæði viðspyrnan og sköpunin. Viðfangsefni næstu kynslóða hlýtur þá að vera að kalla frekar eftir vandaðri blaðamennsku og finna þeim öryggi og skjól í hörðum rekstrarheimi. Stafræna veröldin kann að finna leiðir til þess. Viðleitni til að snúa á krísu blaðamenskunnar hlýtur að beinast á þessar brautir í nánustu framtíð.

Hvað Ísland varðar er lítillaga erfiðara að segja til um hvernig fjölmiðli í Long Play veru myndi reiða af. Viðtökurnar yrðu ugglaut góðar. Myndi það ugglaut vera erfiður rekstur ef hann byggði á áskriftum einum saman og gæfi út eitt efni í hverjum mánuði. Tíu þúsund áskrifendur virðist þurfa þar úti, að sögn ritstýru, og það telur hún að náist á næsta ári, með nokkuð einbeittum persónulegum markaðsmálum og söfnun beinna áskrifenda. Skyldi vera ástæða til að ætla að færri áskrifendur þurfi hér eða að svipað gangi að ná þeirri tölu? Skyldi það nást á Íslandi? Því er svo sem ósvarað. En hvað sem líður rekstri sem sitthvað óljóst er um gengi og horfur, þá er ljóst að hæggeng blaðamennska nýtur hylli, í Finnlandi sem víðar.

## Heimildaskrá

- Aitamurto, Tanja. (2010, 24. janúar). Hidas journalismi haastaa pikaruokajournalismin Yhdysvalloissa. *Helsingin Sanomat*. Sótt af vef Helsingin Sanomat 7. maí 2018: [http://www.hssaatio.fi/images/stories/tiedostot/HS20100124\\_Aitamurto.pdf](http://www.hssaatio.fi/images/stories/tiedostot/HS20100124_Aitamurto.pdf)
- Al Jazeera*. (2015, 14. feb). The Rise of Slow Journalism. Sótt af vef Al Jazeera 7. maí 2018: <http://www.aljazeera.com/programmes/listeningpost/2015/02/rise-slow-journalism-150214131055282.html>
- Aamulehti. (e.d.) Tampere: Alma Media Oy. Sótt af: <https://www.aamulehti.fi/>
- Barranquero Carretero, Alejandro og Jaurrieta Barriain, Garbiñe. (2016). *Slow Journalism in Spain. Journalism Practice*: 1-18.
- Bawden og Robinson. (2009). The Dark Side of Information Overload: Overload, Anxiety and Other Paradoxes and Pathologies. *Journal of Information Science*, 35(2), 180-191. Sótt af vef 7. maí 2018: <http://journals.sagepub.com/doi/abs/10.1177/0165551508095781>
- Birgir Gumundsson. (2007). Tilkoma ókeypis fríblaðs – breyttur veruleiki?, bls. 275-286 í *Rannsóknir í félagsvísindum VIII*, Félagsvísindadeild. Gunnar Þór Jóhannesson, ritstj. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Björn Þorláksson. (2015). *Mannorðsmorðingjar*. Reykjavík: Salka.
- Björn Þorsteinsson. (2008, 26. febrúar). *Hvað er fyrirbærafræði?* Vísindavefurinn. Sótt 7. maí 2018 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=7104>
- Blanding, Michael. (2015, 19. ágúst). The Value of Slow Journalism in the Age of Instant Information. *Nieman Report*. Sótt af vef Nieman Report, 7. maí 2018: <http://niemanreports.org/articles/the-value-of-slow-journalism-in-the-age-of-instant-information/>
- Borgþór Kjærnested. (2017). *Milli steins og sleggju. Saga Finnlands*. Skrudda: 2017.
- Chadwick, Paul. (2018, 19. mars). Why Fake News On Social Media Travels Faster than the Truth. *Guardian*. Sótt af vef 7. maí 2018 <https://www.theguardian.com/commentisfree/2018/mar/19/fake-news-social-media-twitter-mit-journalism>
- Creswell, J. W. (2014). *Educational Research: Planning, Conducting and Evaluating Quantitative and Qualitative Research* (4. útg.) Harlow, Essex: Pearson.

- Currah, Andrew. (2009). *What's Happening to Our News*. Oxford: Reuters Institute for the Study of Journalism.
- Davies, Nick. (2009). *Flat Earth News*. London: Vintage – Random House.
- Delayed Gratification. (e.d.). Why Slow Journalism Matters. Sótt af <https://www.slow-journalism.com/slow-journalism>
- Dobelli, Rolf. (2013). *The Art of Thinking Clearly*. London: Hodder& Stroughton.
- Drok, N. og Hermans, L. (2015). Is There a Future for Slow Journalism. The Perspective of Younger Users. *Journalism Practice*, 10 (4), 2016 - Issue 4: Slow Journalism. New York: Routledge. Sótt af vef Taylor and Francis 7. maí 2018: <https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/17512786.2015.1102604>
- Elfa Ýr Gylfadóttir. (2018). Falsfréttir, samfélagsmiðlar og gervigreind. – Eitruð blanda fyrir framtíð lýðræðis? *Kjarninn*, 5.apríl. Sótt af vef Kjarnans, 7. maí 2018: <https://kjarninn.is/skodun/2018-04-04-falsfrettir-samfelagsmidlar-og-gervigreind-eitruð-blanda-fyrir-framtid-lydraedis/>
- Greenberg, Susan. (2007, februar). Slow Journalism. *Prospect Magazine*. Sótt af vef Prospect Magazine, 7. maí 2018: <https://www.prospectmagazine.co.uk/magazine/slowjournalism>
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eiginlegum og meginlegum rannsóknnum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (1. útg., bls. 137-155).
- Honore, Carl. (2010). *In Praise of Slow* [rafbók]. Orion Books. [Fyrst útg. 2004 hjá Orion.]
- Jón Baldvin Hannibalsson. (2017). Formáli. Í Borgþór Kjærnested: *Milli steins og sleggju. Saga Finnlands* (bls. 7-8). Skrudda: 2017
- Kalevala. (1957). Karl Ísfeld íslenskaði (höfundur ótilgr). Fyrri hluti. Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs.
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eiginlegum rannsóknnum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (1. útg., bls. 129-137). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Long Play. (ed). Long Play. Helsinki: Long Pley Media oy. Sótt af: <https://www.longplay.fi/>
- Levin, Sam (2017). Facebook promised to tackle fake news. But the evidence shows it's not working. London: The Guardian. Sótt af: <https://www.theguardian.com/technology/2017/may/16/facebook-fake-news-tools-not-working>
- MacMillan Dictionary (e.d.): Sótt af: <http://www.macmillandictionary.com/buzzword/entries/slow.html>

- MBL.is. (2018, 3. apríl). 80 spor saumuð í andlit barnsins. Reykjavík: Árvakur. Sótt af vef 7. maí 2018:  
[http://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/04/03/80\\_spor\\_saumud\\_i\\_andlit\\_barnsins/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/04/03/80_spor_saumud_i_andlit_barnsins/)
- Masurier, Megan. (2015). What is Slow Journalism. 9(2) bls. 138-152 (2014, 13. maí).
- Matthías Johannesson. (1985, 3. mars). Goðmögnuð veröld Finna og Íslendinga. *Morgunblaðið*, bls. 29. Reykjavík: Árvakur
- McQuail, Dennis. (2005) *McQuail's Mass Communication Theory*. 5. Útg. Longon: Sage.
- Menntamálaráðuneytið. (2005, apríl). Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Nanterme, Pierre (2017, 28. des). Creating Digital First Enterprise. Linked in. Sótt 7. maí 2018 af vef <https://www.linkedin.com/pulse/creating-digital-first-enterprise-pierre-nanterme>.
- Neveu, Erik. (2016). On not going too fast with slow journalism. *Journalism Practice*. Vol. 10 (4), bls 448-460
- Nyhan, Brendan. (2013, 22. apríl). Fast and Wrong Beats Slow and Right. *Columbia Journalism Review*. Sótt af vef Columbia Journalism Review, 7. maí 2018:  
[https://archives.cjr.org/united\\_states\\_project/speed-induced\\_misinformation\\_boston\\_bombings\\_coverage.php](https://archives.cjr.org/united_states_project/speed-induced_misinformation_boston_bombings_coverage.php)
- Orðabók Menningarsjóðs (e.d.). Reykjavík: Edda
- Osnos, Evan. (2013, 31. janúar). *On Slow Journalism*. New Yorker.
- Ólafur Ragnar Grímsson. (2004, 3. júní). Yfirlýsing forseta Íslands, *Morgunblaðið*, forsíða. Reykjavík: Árvakur.
- Parkins, Wendy. (2004). Out of Time. Fast Subjects and Slow Living. *Time & Society* 13(2-3):363-382
- Picard, Robert G. (2004). Commercialism and Newspaper Quality. *Newspaper Search Journal*, 25: 54-62
- Popham, Pieter. (2009, 10. des). Carlo Petrini: The Slow Food Gourmet Who Started a Revolution. *Independent*.
- Postman, Neil. (1986). *Amusing Ourselves to Death: Public Discourse in the Age of Show Business*. New York: Penguin.
- Ragnhildur Lára Finnsdóttir. (2010). *Hvert liggur smellistraumurinn? Hvaða fréttir eru mest lesnar á mbl.is?* MA-ritgerð í blaða- og fréttamennsku: Háskóli Íslands, félagsvísindasvið.
- Rúnar Helgi Andrason og Ársæll Már Arnarsson (2013). Tilfellarannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (1. útg., bls. 497-523). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Sigurður Bogi Sævarsson. (2010). Enginn fæðist glæpamaður. *Fólk og fréttir* (bls. 9-23). Útgefið af höfundi.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. (1. útg. bls. 71-89). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (1. útg. bls. 229-237).
- Skirbekk, Gunnar og Gilje, Nils. (1999). *Heimpsekisaga* (Stefán Hjörleifsson þýddi). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Slangurorðabókin (e.d.). Sótt af: <http://slangur.snara.is/?p=6525>
- Slow Science (e.d.). Sótt af: <http://slow-science.org/>
- Suomen Kuvalehti, (e.d.). Helsinki: Otavamedia Oy. Sótt af: <https://suomenkuvalehti.fi/>
- Svanbjörg H. Einarsdóttir. (2011). *Bundnir við borðið. Vinnubrögð blaða- og fréttamanna á íslenskum fjölmiðlum*. MA-ritgerð í blaða- og fréttamennsku: Háskóli Íslands, félagsvísindasvið.
- Virilio, Paul. (1995). Red Alert in Cyberspace. *Radical Philosophy*, Nov/Dec 1995. Sótt af vef Radical Philosophy 7. maí 2018: <https://www.radicalphilosophy.com/commentary/red-alert-in-cyberspace>
- Wikipedia: Slow Photography. 20. feb 2018. Sótt af vef 7. maí 2018, [https://en.wikipedia.org/wiki/Slow\\_photography](https://en.wikipedia.org/wiki/Slow_photography)
- Yin, Robert (2009). *Case Study Research*. London: Sage
- Zetland. (e.d.) Forsíða. Sótt af <http://zetland.dk>
- Zetland. (e.d.) Zetland in English. Sótt af <http://zetland.dk>
- Þorbjörn Broddason. (1997). Drottandi þjónar: Dæmi um hagnýta félagsfræði. Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum II* (bls. 81-85). Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Þorbjörn Broddason. (2005). *Ritlist, prentlist, nýmiðlar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.